

BÓNDAVARÐAN

22. APRÍL 2026. 26. ÁRGANGUR

MÚLAPIG



20 ÁRA
2006-2026

DJÚPVOGUR
23.-26. APRÍL 2026
Miðasala á hammondhatid.is

Fimmtudagur, 23. apríl, kl. 21:00

**KÆLAN MIKLA
KILLER QUEEN**

Föstudagur, 24. apríl, kl. 21:00


**ELÍN HALL
SKÁLMÖLD**

Laugardagur, 25. apríl, kl. 21:00

**KRISTJÁN I
SNIGLABANDIÐ**

Sunnudagur, 26. apríl, kl. 14:00

**JÓN JÓNSSON
& FRÍÐRIK DÓR**



ÁVARP SVEITARSTJÓRA



Kæru lesendur Bóndavörðu

Nú er liðið ár síðan ég skrifaði mitt fyrsta ávarp í Bóndavörðuna þá nýkomin til starfa sem sveitarstjóri í Múlaþingi. Ótrúlegt hvað tíminn hefur flogið hratt. Starf sveitarstjóra er um margt sérstakt. Engir tveir dagar eru eins, álagið er oft mikið en skemmtilegu stundirnar líka margar. Það sem hefur komið mér hvað mest á óvart í þessu starfi er hve mikill tími og orka fer í að verja hagsmuni sveitarfélagsins okkar gagnvart ríkisvaldinu og reyna að koma í veg fyrir að tekna séu ákvarðanir sem hafa neikvæð áhrif á daglegt líf okkar. Þar er auðvitað efst á blaði baráttu okkar fyrir bættum samgöngum innan sveitarfélagsins en það voru mikil vonbrigði að sjá hvorki Fjarðarheiðargöng né nýjan heilsársveg um Öxi í nálægri framtíð í nýrri samgönguáætlun. Ég finn mjög vel hve mikill samtakamátturinn er um þessi verkefni í okkar sveitarfélagi og hann kristallast meðal annars í áheitaverkefni sem krakkarnir í 10. bekk á Djúpavogi standa fyrir þann 25. apríl. Þau ætla að ganga Axarveg til að vekja athygli á bágbornu ástandi hans um leið og þau safna fyrir skólaferðalaginu sínu. Frábært framtak sem þegar hefur vakið mikla athygli og ætlar undirrituð ásamt nokkrum kjörnum fulltrúum að ganga með þeim og segja þeim skemmtisögur á meðan – í staðinn þurfa ungmennin að fræða þau okkar sem eru ekki nógu staðkunnug um helstu kennileiti og örnefni á leiðinni. Mig langar að hvetja aflögufæra til að styðja við þetta framtak hjá krökkunum með því að heita á þau.

Á sama tíma og gangan fer fram stendur Hammondhátíð hvað hæst. Mig langar að nýta tækifærið og hrósa aðstandendum hátíðarinnar fyrir einkar glæsilega dagskrá þetta árið og einnig óska ykkur öllum til hamingju 20 ára afmæli hátíðarinnar. Mikið er gaman að sjá svona verkefni sem byrjar sem lítil hugmynd vaxa og dafna. Ég efast ekki um að aðsóknarmet verði slegin í ár og segi bara góða skemmtun!

Fyrir ári síðan undirritaði ég viljayfirlýsingu á Djúpavogi þess efnis að unnið verði að því að Gamla kirkjan komist í hendur hollvinasamtakanna sem hafa unnið að því að gera kirkjuna upp. Nú erum við loks að ljúka því máli og munum undirrita samning þess efnis að hollvinasamtökin fái kirkjuna til eignar og verður gaman að fylgjast með áframhaldandi uppbyggingu þar. Sveitarfélagið mun styðja fjárhagslega við verkefnið fyrstu árin en síðan er stefnt að því að starfsemi um kirkjuna verði sjálfbær.

Meðal vorboða á Djúpavogi eru skemmtiferðaskipin sem senn fara að sjást lóna úti fyrir höfninni og ferðalangarnir sem koma í land og fá að njóta alls þess besta sem svæðið hefur upp á að bjóða. Það lítur því miður enn út fyrir nokkra fækkun í komum skemmtiferðaskipa í kjölfar breytinga sem hafa verið gerðar á gjöldum tengdum komum þeirra. Það hefur t.d. mikil áhrif á smærri leiðangurskipin að nú á að byrja að rukka þau um virðisaukaskatt af vörum og þjónustu og við sjáum að þetta hefur þau áhrif að skipin fækka viðkomustöðum sínum verulega. En vonandi munum við ná að berjast fyrir leiðréttingu á þessu því það er alveg ljóst að koma þessara ferðamanna er mikilvæg fyrir atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Annars hlakka ég sjálf til að koma oftar til ykkar á Djúpavog nú þegar Öxi er orðin fær og í þeim ferðum ætla ég að muna að gefa mér tíma að fara á fallega útivistarsvæðið ykkar niðri á söndunum. Stundum þarf að gefa sér tíma til að njóta og ekki þjóta og þarna við ströndina er ekki annað hægt en að finna Cittaslow andann koma yfir sig, hægja aðeins á hugsunum sínum og njóta andartaksins.

Með kærleikskveðju,
Dagmar Ýr Stefánsdóttir
sveitarstjóri Múlaþings

CONTEMPORARY
ART MUSEUM
ARS LONGA
ALÞJÓÐLEGT
SAMTÍMALISTASAFN

Verið hjartanlega velkomin
á sumarsýningu Ars Longa,
Rúllandi snjóbolti 19,
sem opnar laugardaginn
27. júní.

FRÉTTIR AF BÓKASAFNI MÚLAÞINGS DJÚPAVOGI

Um áramótin síðustu voru almenningubókasöfnin í Múlaþingi sameinuð í eina stofnun, Bókasafn Múlaþings. Markmið sameiningarinnar er að efla starfsemi safnanna á hverjum stað og samræma þjónustu þeirra við íbúa.

Fyrir hinn almenna notanda hefur sameiningin ekki miklar breytingar í för með sér til að byrja með en í framtíðinni er ætlunin að auka opnunartíma og bjóða upp á ýmsar nýjungar.


Opnunartíminn hefur þó þegar verið aukinn til muna á Djúpvaggi þar sem safnið er nú opið þrjá morgna í viku fyrir nemendur grunnskólans og fjóra daga í viku fyrir almenning. Safnið er nú opið frá klukkan 15 til 18 mánudaga til fimmtudaga.

Sem fyrr geta allir íbúar Múlaþings fengið bókasafnskort sér að kostnaðarlausu og gildir það á öllum starfsstöðvum safnsins. Íbúar hafa líka sama rétt á öllum starfsstöðvum Bókasafnsins sem þýðir að ef bók er t.d. bara til á Seyðisfirði en íbúa á Djúpvaggi langar að fá hana að láni þá er hún send á milli safnanna, lánþega að kostnaðarlausu.

Rekstur bókasafna er lögbundin skylda sveitarfélaga og þau eru mikilvægar stofnanir í nútímasamfélagi. Nútímabókasöfn eru samfélagsmiðjur og þriðja rými íbúa, s.s. hlutlaus staður sem hvorki er heimili, vinna né skóli. Þau eru athvarf fyrir notendur og einn af fáum opinberum stöðum þar sem fólk getur verið innandyrá endurgjaldslaust.

Það er von okkar að íbúar á Djúpvaggi taki þessum breytingum vel og verði duglegir að heimsækja safnið hvort sem það er til þess að setjast niður með kaffibolla, kíkja í bækur, hitta fólk eða staldra við með fjölskyldunni.

Kolbrún Erla Pétursdóttir, forstöðumaður Bókasafns Múlaþings
Ólöf Rún Stefánsdóttir, bókavörður Bókasafni Múlaþings Djúpvaggi



FJÖLSKYLDUBÍÓ Á TEIGARHORNI



Laugardaginn 25. apríl kl. 13:00
verður boðið upp á
fjölskyldubíó í gömlu
fjárhúsunum á Teigarhorni.
Afslöppuð stemning, góð
fjölskyldumynd og popp & gos.
Börn þurfa að mæta í fylgd með
fullorðnum.
Hlökkum til að sjá ykkur.



Óli Stefán Flóventsson



Kidda Svarfdal

Edrúlífið 2026

EDRÚLÍFIÐ VEITIR GESTUM INNSÝN Í LÍF
FÓLKS SEM OPNAR SIG UM REYNSLU SÍNA
OG ÞEKKINGU Á LÍFI ÁN ÁFENGIS.

ALLIR VELKOMNIR Í DJÚPAVOGSKIRKJU
KL. 13:00 , 25.APRÍL

14 ÁRA ALDURSTAKMARK (ÁRIÐ GILDIR)

STYRKTAÐILAR:

HÓTEL FRAMTÍÐ - SEGLSKIP EHF - DJÚP EHF

FRÁ DJÚPAVOGSKIRKJU



Sumardagurinn fyrsti er alltaf góður dagur. Hann er dagur sem ber með sér nýja árstíð, birtu og von um betra veður og auðveldara líf. Eftir átök vetrarins kemur hægur gróandi í náttúruna og líka í mannlífið. Gömul og falleg hefð tengist þessum degi – að gefa sumargjafir. Það er hlýleg venja að gleðja hvert annað með litlum gjöfum. En ekki vegna verðmætisins heldur vegna kærleikans sem liggur að baki. Sumargjöfin er tákni um vináttu, umhyggju og þá löngun að færa öðrum gleði inn í nýja árstíð. Hún minnir okkur á að það sem skiptir mestu máli er ekki það sem við eigum, heldur það sem við gefum.

Vorið sjálft er flestum kærkomið. Okkur munar um lengri birtutíma og svo sjáum við að lífið undir yfirborðinu sem var í dvála um veturinn kemur og brýst fram við geisla sólarinnar. Þetta á ekki aðeins við um náttúruna heldur líka líf okkar sjálfra. Við þekkjum öll erfiða tíma – en þeir vara ekki að eilífu. Þessi tími

árs tengist einnig kirkjuárinu á sérstakan hátt. Við erum á leiðinni frá páskum til hvítasunnu. Á páskum fögnum við upprisunni – sigri lífsins yfir dauðanum, ljóssins yfir myrkrinu. Það er hin mikla von kristinnar trúar. Dagarnir fram að hvítasunnu eru tími undirbúnings. Lærisevinnarnir biðu eftir að fá kraft og leiðsögn heilags anda sem gafst á hvítasunnu þegar heilagur andi kom yfir þá. Á hvítasunnu verður fermt í Djúpavogskirkju og fer vel á því að börnin jätist Jesú á stofndegri kristinnar kirkju.

Bið okkar eftir hvítasunnu á að vera eins og eftir vorinu. Eitthvað að gerast undir niðri sem brýst svo fram í góðum verkum og kærleika til allra. Guð er að starfa í okkur – jafnvel þegar við sjáum það ekki skýrt. Þannig tengjast sumardagurinn fyrsti og þessi tími kirkjuársins. Við stöndum á mörkum – á milli vetrar og sumars, á milli þess sem var og þess sem er að verða. Og í þessu millibilsástandi hljómar boðskapur vonarinnar. Lífið sigrar. Ljósið kemur. Guð yfirgefur okkur ekki.

Megum við taka á móti sumrinu með opnum hjörtum, gleðja hvert annað með góðum verkum og treysta því að sá sem vakti lífið á páskum og sigraði dauðann muni einnig leiða okkur áfram inn í nýtt líf.

Sr. Arnaldur Bárðarson

UPP MEÐ ÖXINA!

Nemendur í 10. bekk Djúpavogsskóla ganga yfir Öxi
laugardaginn 25. apríl 2026 á Hammondhelgi.

Brottför kl. 10:00 Berufjarðarmegin
Áætluð koma kl. 14:00 Skriðdalsmegin

Við göngum til að:

- Safna áheimum fyrir skólaferðalagi okkar í lok 10. bekkjar.
- Vekja athygli á framkvæmdaleyssi – enn hefur ekki hafist vinna við heilsársveg yfir Öxi þrátt fyrir margra ára loforð.
- Undirstrika mikilvægi almenningsgangna innan Múlapinga, þar sem fjölmargir nemendur frá Djúpavogi sækja nám á Egilsstöðum.

Hvetjum íbúa og alla þá sem láta sig Öxi varða að mæta og ganga með!

Upplýsingar:

Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir – 899 6913

Helga Rún Guðjónsdóttir – 868 1050

Ræsum vélarnar – rífum þetta í gang!

Upplifðu Austurland með okkur!

+354-8988044 | info@goeast.is | www.goeast.is



Daytour Organizer | Bus and Taxi Service
GO EAST

Persónuleg og fjölbreytt ferðapjónusta á Austurlandi
Go East ehf er fjölskyldufyrirtæki á Fljótisdalshéraði sem býður upp á fjölbreyttar og eftirminnilegar dagsferðir fyrir ferðamenn sem vilja kynnast náttúru, sögu og menningu Austurlands á einstakan hátt. Hvort sem þú ert einn á ferð eða með fjölskyldu, vinum eða í stærri hópi – Go East sér um ferðina!

Dagsferðir okkar innihalda:

- Ferðir um sjávarþorp og menningarstaði
- Náttúruperlur eins og fossar, fjöll og gljúfur
 - Fjallaferðir og náttúruupplifanir
- Sérferðir fyrir hópa, fyrirtæki og ferðaskrifstofur

Við leggjum áherslu á persónulega þjónustu og þægindi – og sýnum þér það besta sem Austurland hefur upp á að bjóða.

Aksturs þjónustur:

- Hópfarir – fyrir smærri og eða stærri hópa.
- Vetrarfarir – norðurljósaferðir - jeppaferðir
- Sérstaknar ferðir – við setjum saman ferðina eftir þínum þörfum/óskum.
 - Almenn aksturþjónusta fyrir sveitafélög og fyrirtæki
- Leigubílaþjónusta - áreiðanleg þjónusta fyrir fyrirtæki, einstaklinga og minni hópa.
 - Leiðsögufólk talandi á hinum ýmsu tungumálum
 - Bíll með aðgengi fyrir hjólastól

Þjónustusvæði:

Egilsstaðir • Seyðisfjörður • Borgarfjörður eystri • Djúpvogur • Austfirðir og nágrenni • Landið allt

Hafðu samband og bókaðu ferð

info@goeast.is • +354 8988044 • www.goeast.is

Upplifðu Austurland með heimafólki

Go East ehf býður upp á raunverulegar upplifanir!

FIMMTUDAGUR Á HAMMOND - KÆLAN MIKLA



„Hver veit nema hammondinn komi við á næstu plötu“

Nafn hljómsveitar: Kælan Mikla

Meðlimir sem væntanlegir eru á Hammondhátíð hljómsveitinni:

Laufey Soffía - söngur

Margrét Rósa - bassi

Sólveig Matthildur - hljóðgervlar

Hvað er að fréttu? Hvað hefur drifið á daga ykkar undanfarið?

Við segjum allt gott! Á síðasta ári fórum við á tvö 5 vikna tónleikaferðalög, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, með hljómsveitunum Alcest (Frakkland) og Mono (Japan) í Bandaríkjunum og Perturbator (Frakkland) og GOST (Bandaríkin) í Evrópu. Á þessu ári ætlum við að taka því aðeins meira rólega og erum mest að semja nýja tónlist. Við komum fram á *Aldrei fór ég suður* núna um páskana, fórum á stuttan túr til Portúgal og Spánar 15. – 19. apríl og erum svo sannarlega spenntar að koma á Djúpavog og spila á Hammondhátíðinni!

Hafið þið komið á Djúpavog áður?

Við höfum aldrei farið allar saman á Djúpavog, en við höfum keyrt í gegn. Við höfum verið nokkrum tíma á Austfjörðum, bæði komið fram á Eistnaflugi og LungA og svo vorum við með sköpunarbúðir í Studio Silo á Stöðvafirði árið 2023.

Hvað er eftirminnilegast eða skemmtilegast við staðinn að ykkar mati? Fyrir okkur er það eftirminnilegasta við Djúpavog falllegi Berufjörðurinn. Seinast þegar við keyrðum þarna um stoppuðum við og dáðumst að náttúrunni.

Hvað hefur Kælan mikla verið til lengi? Hvernig hljómsveitin varð til? Kælan Mikla var stofnuð fyrir þátttöku í ljóðaslammi Borgarbókasafnsins árið 2013. Eftir það ákváðum við að halda áfram að semja tónlist og höfum þróast mikið sem hljómsveit síðan.

Hvaða plötur eða lög mæliði með að hátíðargestirhlusti á til að undirbúa sig fyrir framkomu ykkar á Hammondhátíð?

Við höfum gefið út 4 plötur og 1 plötu með kvikmyndatónlist. Við mælum að sjálfsgöðu með að hlusta á síðustu útgáfuna okkar „*Undir Köldum Norðurljósum*“ – annars er lagið okkar „*Kalt*“ mjög vinsælt meðal hlustenda.

Hverju mega gestir Hammondhátíðar 2026 eiga von á frá ykkur? Þið megið eiga von á að sjá þrjár ungar nornir kveða upp seið með draumkenndum og taktföstum lögum og nokkrum öskrum að auki. Við munum spila lög af plötunni *Undir Köldum Norðurljósum* í bland við nokkra eldri slagara.

Er hammondorgelið í upphaldi?

Við höfum aldrei notað hammondorgelið sjálfst en erum mjög hrifnar af hljómunum í því hljóðfæri! Við höfum notað orgel hljóð sérstaklega til þess að vekja upp einhverkonar vampíru stemningu í lögnum okkar. Hver veit nema hammondinn komi við á næstu plötu.

Hvernig finnst ykkur best að semja ykkar tónlist? Semjiði saman sem hljómsveit eða er einhver meðlimur þar í aðalhlutverki?

Koma lögin fyrst og textar svo eða öfugt?

Það er mjög mismunandi! Sum lög eru samin út frá sönglínu og texta, einhver út frá bassalínu, önnur frá uppbyggingu af hljóðgervlum og trommum og sum hellast bara yfir okkur. Við höfum unnið saman í 13 ár, ferðast um heiminn og skapað heila veröld saman með listinni okkar. Þannig höfum við náð að verða ein heild og tónlistin skapast stundum í gegnum það sem við köllum „the hive mind“ en mætti kannski túlka sem svo að við kveðum fram andann Kæluna Miklu og sköpum í gegnum hana.

Hvað er framundan hjá ykkur?

Við höfum verið á ferð og flugi síðasta áratug en á þessu ári ætlum við að taka tíma til þess að vera heima að semja næstu plötu ásamt því að koma meira fram á Íslandi. Útgáfutími plötunnar er ekki ákveðinn, en eftir að hún kemur út gerum við ráð fyrir að spila fullt hér heima og fara á tónleikaferðalög með nýju tónlistina, um Evrópu, Bandaríkin, Suður–Ameríku og vonandi einhvers staðar í Asíu og Ástralíu.

Hvað er skemmtilegast við að vera tónlistarmaður?

Það skemmtilegasta við að vera tónlistarmenn er að semja tónlist með vinum sínum og ferðast um heiminn og spila tónlistina. Þannig höfum við tækifæri til þess að bjóða öðrum inn í þennan heim sem við höfum skapað í gegnum Kæluna Miklu og eignumst ógleymanlegar minningar í kjölfarið.

Sumaropnanir



Langabúð

Frá og með 1. maí
verður opið alla daga
9:00 – 17:00

Teigarhorn

Útisvæði er alltaf opið
fyrir almenning og
safnið eftir
samkomulagi

Skrifstofur

Múlapings

Alla virka daga 10:00 – 14:00

Sumarlokun verður 6. júlí til og með 31. júlí.

Síminn 4 700 700 er opinn í allt sumar

klukkan 8:00 – 15:30 nema á föstudögum þá er
hann opinn frá klukkan 8:00 – 13:30



FIMMTUDAGUR Á HAMMOND - KILLER QUEEN



„Í raun er þetta bara einn af þessum saumaklúbbum“

Nafn hljómsveitarinnar: Killer Queen.

Hvað hefur hljómsveitin verið starfrækt lengi og hvernig kom hún til?

Við höldum að þetta sé síðan 2009. Í raun átti þetta bara að vera ein helgi á Græna hattinum. Fjórir Hvannaldsbræður, Magni og Einar Þór örvhenti úr Dúndurfréttum. Við kynntumst á Akureyri þegar ég (Magni) var nýfluttur þangað og strákarnir spurðu hvort ég væri til í að taka eitt gígg og spila Queen lög. Þau hafa nú orðið töluvert fleiri og verður Hammondhátíð örugglega gígg nr. 80 hjá hljómsveitinni.

Hafið þið komið á Djúpavog áður?

Magni auðvitað milljón sinnum. Einar og Magni hafa spilað á Hammondhátíð áður en ekki hinir og það þurfti sko ekki að sannfæra þá um hugmyndina. Erum mjög spenntir að koma.

Hvað er það besta við Hammondhátíð?

Nálægðin við fólkið og orkan á staðnum, til að nefna eitthvað. Það er bara einhver afslöppun og fagmennska sem skilar sér í upplifuninni. Svo er alltaf svo gott að hitta Guðjón.

Hvaða plötur eða lög mælið þið með að hátíðargestir hlusti á til að undirbúa sig fyrir framkomu þína á Hammondhátíð? Hverju mega gestir Hammondhátíðar 2026 eiga von á frá ykkur?

Það er gott að rúlla Best of plötunum tveimur með Queen, já þær eru tvær. Dugar ekkert minna fyrir þessa hljómsveit. Rennið Best of 1 & 2 vel og lengi. Tilvalið að hlusta vel á þær. Ef fólk þekkir ekki meiri hluta laganna þá má það auðvitað bara skammast sín og þarf mögulega að gera eitthvað í sínum málum.

Er hammondorgelið í uppáhaldi?

Ó, já! Stórfurðulegt fyrirbæri en algjörlega legendary hljóðfæri.

Hvað er skemmtilegast við að vera tónlistarmaður?

Kannski öll klisjan en það er vináttan. Að geta farið á rúntinn með vinum sínum í helgaferð á Djúpavog er bara æðislegt. Þessi hljómsveit er í raun bara einn af þessum saumaklúbbum nema bara með hljóðfærum. Allt er góð afsökun til að fara í saumaklúbbinn sinn.

FRÁ GUÐMUNDI LÖGGU



Kæru íbúar!

Nú fer að líða að sumri og gott að huga að öryggi á öllum vígstöðum. Almennt finnst mér íbúar standa sig vel í þessum efnum en betur má ef duga skal.

Ekki gleyma beltunum, þau þurfa alltaf að vera spennt ef við erum á ferðinni. Yfirfarið hjólin vel áður en þið takið þau í notkun eftir veturinn. Virðum hámarkshraðann alls staðar, við þurfum ekkert að drífa okkur af mikið. Svo styttest í að nagladekkin þurfa að fjúka, nánar tiltekið 15. apríl og sektað eftir 15. maí. Um þessar mundir heimsækir lögreglan einnig skotvopnaeigendur, skoðar byssuskápa, athugar hvort réttindi sé í lagi og vopn rétt skráð.

Gleðilegt sumar!

Guðmundur löggur

ENDURREISN GOLFKLÚBBS DJÚPAVOGS

Golfklúbbur Djúpavogs hefur verið endurreistur eftir langt hlé og stefnt er að byggja upp nýjan golfvöll á Bragðavöllum.

Sett hefur verið saman ný stjórn sem safnar tækjum og tólum sem þarf til að koma vellinum á laggirnar. Styrkir hafa nú þegar borist frá nokkrum fyrirtækjum í bænum. Einnig stefnir stjórn að því að halda happdrætti á Faktor, **laugardaginn 25.apríl kl.16**, þar sem dregnir verða út glæsilegir vinningar.

Golfklúbbur Djúpavogs leggur mikla áherslu á að byggja upp öflugt barna- og unglíngastarf og verður strax í sumar boðið upp á námskeið fyrir börn og unglínga. Vonin er að hægt verði að spila nokkrar holar strax í sumar.

Árgjaldið árið 2026 verður 20.000 kr. fyrir fullorðna en frítt fyrir börn og unglínga. Þau sem vilja styrkja uppbyggingu klúbbsins og gerast meðlimir mega hafa samband á gkd@gkd.is eða hafa samband við einhvern úr stjórninni. Einnig er hægt að leggja beint inn á reikning Golfklúbbsins: kt: 491194-2199 rkn: 0169-05-401221

Stjórn Golfklúbbsins vonar að íbúar taki vel í þetta framtak og hlakkar til að koma golfinu aftur af stað á Djúpavogi.

Stjórn Golfklúbbs Djúpavogs

Vernharður Ingi Snæþórsson, Birgir Ottesen Jóhannsson,

Óskar Ragnarsson, Óðinn Gunnlaugsson og Jón Einar Ágústsson



Bragðavöllir



Svona er stefnt að völlum verði



Djúpavogsdeildin heldur

Brennómót

FRÍTT

6 MANNA LIÐ KEPPA

HAMMONDHÁTÍÐAR

MÓTIÐ ER OPIÐ ÖLLUM 12 ÁRA OG ELÐRI.

SKRÁNINGARFRESTUR 20. APRÍL

SKRÁ MEÐ INNLEGGI Á FACEBOOK VIÐBURÐ

SKRÁNING
HÉR!



KL.11



SUMARDAGINN, FYRSTA

23. APRÍL

ÍÞRÓTTAMIÐSTOÐ DJÚPAVOGS

LEIK & SPRELL VERÐUR Á DJÚPAVOGI Í SUMAR!

Leik og Sprell er söng- og leiklistarnámskeið sem ferðast um landið á sumrin. Námskeiðið er að byrja sitt sjöunda starfsár en það var stofnað af Báru Lind Þórarinsdóttur árið 2019. Bára var orðin þreytt á skorti námskeiða yfir sumartímamann og þá einkum á landsbyggðinni. Hún kemur sjálf frá Álfþanesi þar sem námskeið voru af skornum skammti þegar hún var að alast upp.

Leiklistarstarf fór aftur í gang á haustin og var það þá einungis í höfuðborginni og alls ekki allir í aðstöðu til að keyra börnin fram og til baka. Þau eru því virkilega stolt af því að geta nú boðið upp á námskeiðið í flestum sveitarfélögum um allt land svo börn og ungmenni geti fengið jöfn tækifæri á að efla og þroskast sem listamenn óháð búsetu.

Bára hafði alltaf gaman að því að fara í búninga og skapa nýja ævintýraheima og sneið námskeiðið Leik og Sprell eins og hún hefði viljað hafa það sem barn. Þar sem allir fá jafnan þátt í því að skapa og láta ljós sitt skína. Þar sem við bregðum okkur í leik en tökum einnig þátt í að búa til glænýjan heim og fáum að segja áhorfendum sögu sem kemur frá okkur. Börnin velja sér lag til að syngja og út frá lögunum búum við til í sameiningu söngleik sem við sýnum svo aðstandendum í lok námskeiðsins. Á námskeiðinu förum við í þroskandi leiki, hreyfum okkur og æfum framsögn, fáum að syngja lagið okkar í hljóðnema, og það sem er lang mikilvægast, - er að það er nóg af sprelli og aðaláherslan er að hafa gaman.

Kennarar námskeiðsins á Austurlandi verða Almar Blær Sigurjónsson og Bjartey Elín Hauksdóttir. Almar er upprunalega frá Reyðarfirði og hefur getið sér gott orð sem leikari síðan hann útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands. Hann hefur meðal annars leikið Hæng lögregluþjón í Línu Langsokk og er nýlega orðinn Glanni Glæpur í Latabæ. Bjartey er með rætur frá Djúpavogi og er útskrifaður dansari frá Listaháskóla Íslands og hefur tekið þátt í mörgum verkefnum bæði erlendis og á Íslandi, sem danskennari, danshöfundur og dansari, m.a. hjá Íslenska Dansflokknum og í Þjóðleikhúsinu.

Leik og Sprell verður um allt land í sumar og eru spennt að fá að koma í fyrsta sinn með námskeiðið í Djúpavoginn fagra og sprella með hressum krökkum í sumar!

Skráning og allar upplýsingar um námskeiðið má finna á heimasíðu Leik og Sprell: www.leikogsprell.is

LEIK & SPRELL
SÖNG- OG LEIKLISTARNÁMSKEIÐ

DJÚPIVOGUR

LEIK OG SPRELL VERÐUR Á DJÚPAVOGI Í SUMAR
29. JÚNÍ-3. JÚLÍ, KL. 9:00-12:00.

SKRÁNING OG ALLAR UPPLÝSINGAR Á LEIKOGSPRELL.IS

FRÁ MEISTARAFLOKKI NEISTA



Nú liður að knattspyrnutímabilinu og drög að leikjadagskrá Neista fyrir tímabilið 2026 liggja fyrir. Spiluð verður þreföld umferð og að þessu sinni eru fimm lið í deildinni. Fyrsti leikur Neista verður laugardaginn 16. maí þegar Neisti tekur á móti Einherja á Djúpavogsvelli klukkan 14:00 en lokaleikur síðasta tímabils var einmitt gegn Einherja á Djúpavogsvelli. Næst verður leikinn útileikur í Ólafsvík þegar Neisti spilar við Reyni frá Hellisandi. Liðin hafa aldrei mæst fyrr en munu gera það í þriggung í sumar, þar af tvisvar í Ólafsvík.

Meistaraflokkur Neista hefur undirbúið sig fyrir tímabilið í vor og spilað nokkra æfingaleiki auk þess að taka þátt í Mjólkurbikarkeppni KSÍ. Þar bar Neisti sigurorð af Einherja 5-2 en tapaði fyrir Hetti í næstu umferð 0-5. Liðið lítur samt ágætlega út og greinilegt er að liðið er í framför. Það verður því gaman að fylgjast með liðinu spila í sumar og hlakkar meistaraflokkurinn til að sjá sem flest á vellinum.

Leikjadagskráin er eftirfarandi:

Laugardagur 16. maí, kl. 14:00
 Laugardagur 23. maí, kl. 14:00
 Laugardagur 30. maí, kl. 14:00
 Laugardagur 13. júní, kl. 14:00
 Laugardagur 20. júní, kl. 14:00
 Laugardagur 4. júlí, kl. 14:00
 Föstudagur 10. júlí, kl. 19:00
 Laugardagur 18. júlí, kl. 14:00
 Laugardagur 25. júlí, kl. 14:00
 Föstudagur 7. ágúst, kl. 19:00
 Miðvikudagur 12. ágúst, kl. 19:00
 Laugardagur 29. ágúst, kl. 14:00

Djúpavogsvöllur: Neisti – Einherji
 Ólafsvíkurvöllur: Reynir H – Neisti
 Búðagrund: Leiknir F – Neisti
 Djúpavogsvöllur: Neisti – Fálkar
 Djúpavogsvöllur: Neisti – Reynir H
 Djúpavogsvöllur: Neisti – Leiknir F
 Vopnafjarðarvöllur: Einherji – Neisti
 Valsvöllur: Fálkar – Neisti
 Ólafsvíkurvöllur: Reynir H – Neisti
 Djúpavogsvöllur: Neisti – Einherji
 Búðagrund: Leiknir F – Neisti
 Djúpavogsvöllur: Neisti – Fálkar

Ath mögulega geta orðið breytingar á leikdögum þegar nær dregur, nánari upplýsingar má finna á vef Knattspyrnusambands Íslands www.ksi.is

OKKAR EIGIN EUROVISION

Þann 26. febrúar sl. héldu nemendur í Djúpavogsskóla sína árlegu árshátíð. Það er hefð fyrir því að boðið sé upp á skemmtun á Hótel Framtíð á árshátíðardegi og í þetta sinn settum við upp Okkar eigin Eurovision hátíð. Það var í fyrstu kennsluviku í ágúst sem skólastjóri settist niður með 10. bekk og viðraði þessa hugmynd við nemendur. Þeim leyst það vel á hugmyndina að ákveðið var að festa þetta þema og vinna það áfram. Skólastjóri og 10. bekkur funduðu svo reglulega fram að jöllum og verkefnið tók á sig sterka og fjölmennarlega mynd. Áherslur og markmið voru skýr. Fjölmeningin okkar var sett í forgrunn. Áhersla á samvinnu, samkennd og að læra að setja sig í spor annarra. Öll atriði voru kynnt á þeim tungumálum sem tilheyra okkar skólasamfélagi. Nemendur sungu á ýmsum tungumálum og fluttu fjölbreytt Eurovision lög með tilheyrandi fjöri og litríkum búningum.

Skólastjóri vann handritið ásamt nemendum í 10. bekk. Hvert skólastig fékk svo úthlutað sínum hluta af handriti og útbjó póstkort sem útskýrði hvernig fjölmeningin birtist í þeirra bekkjum. Sviðs- og tæknimenn útbjuggu leikskrá og handrit fyrir ljós og hljóð. Elstu nemendur aðstoðuðu þá yngri með dans- og söngatriðin og einn hópur sá um að allir búningar væru í samræmi við atriðin og tilbúnir á réttum tíma.



Dans- og söngatriðin voru svo límd saman með skemmtilegum kynningum og úr varð heilstæð sýning sem saman stóð af fjölbreyttum minni verkefnum sem nemendur höfðu rými til að útfæra sjálfir.

Til þess að svona verkefni lukkast vel þarf ramminn og skipulagið að vera skýrt og hver og einn verður að hafa afmarkað, skýrt hlutverk til að einbeita sér að. Þetta er oftast það sem reynir hvað mest á í svona vinnu. Það þarf að halda í seigluna og horfa á sinn þátt í verkefninu og leggja allt í það. Þetta er eins og keðja, hver og einn er með sinn hlekk.

Stór hluti af þessu verkefni okkar er svo samstarfið við samfélagið sem við búum í. Frábært samstarf við starfsfólk á Hótel Framtíð, Magnús Kristján og Birgi Thorberg sem hjálpa okkur með ljós og hljóð. Kassaverksmiðjan gefur okkur pappa til að vinna að sviðsmynd. Foreldrar og fyrrum nemendur koma og aðstoða við hár, förðun og búninga.

Frábært verkefni sem samræmist svo vel gildunum okkar og Cittaslow áherslum.

Hugrekki - Virðing - Samvinna

Obba skólastjóri Djúpavogsskóla

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN ZION VERÐUR MEÐ
 KÖKUBASAR Í KJÖRBÚÐINNI FÖSTUDAGINN 24.
 APRÍL TIL STYRKTAR ÁRLEGRI FERÐ TIL REYKJAVÍKUR
 Á SAMFÉS-BALLIÐ OG SÖNGKEPPNINA. HÁTÍÐIN FER
 FRAM HELGINA 8.- 10. MAÍ. ENDILEGA KÍKIÐ Í
 BÚÐINA OG NÆLIÐ YKKUR Í ÚRVALS BAKKELSI FRÁ
 UNGLINGUNUM OKKAR. FÁIÐ SÓLSKIN Í HJARTA OG
 GOTT Í MAGA.

12:30-15:00

Kjörbúðin á Djúpvaggi




MATARVAGNINN Á DJÚPAVOGI
 OPNUNARTÍMI Á HAMMOND 2026

FIMMTUDAGUR: 11:00 - 17:00

FÖSTUDAGUR 11:00 - 01:00

LAUGARDAGUR 11:00 - 01:00

SUNNUDAGUR 11:00 - 17:00



HRÓSIÐ

Einlægt hrós lætur okkur líða vel, bæði þegar við veitum það og þiggjum. Þegar við hrósum sýnum við þakklæti, sem er grundvallarþörf mannsins og mikilvægt í öllum samskiptum.

Þetta veit Bóndavardan og heldur úti hrósdálknum í hverri útgáfu blaðsins. Verum óhrædd að hrósa hvert öðru, það er erfitt að tapa á því og kostar hreinlega ekki neitt!



Berglind Einarsdóttir

Sjálfbóðaliðar á Djúpavogi fá mitt hrós. Án þeirra væri ekki hægt að setja loft í dekk, engir heimasaumaðir pokar í búðinni og gamla kirkjan væri enn í niðurníðslu. Það væri ekkert kvenfélag, kirkjustarf, íþróttafélag, björgunarsveit og engin Hammondhátíð. Takk fyrir góða fólk.

Ania Czezko fær að hrósa í næstu Bóndavörðu.



Ingibjörg Stefánsdóttir

Ég vil hrósa Guðmundi löggju fyrir að hugsa vel um okkur hér á staðnum. Svo langar mig líka að hrósa Binna, William Óðni og Marcin fyrir að vera til staðar og reiðubúnir að hjálpa þeirri gömlu með hitt og þetta.

Ég skora á Nínu Jónsdóttur að gefa sitt hrós í næsta tölublaði Bóndavörðunnar.



Steinunn Þórarinsdóttir

Mig langar að hrósa áhaldahúsinu, Nökkva og hans liði. Þeir eru duglegir að halda bænum okkur hreinum og fínum. Gangstéttum auðum og snyrtilegum. Aðdáunarvert að sjá hvað allt er tipp topp hjá þeim. Einnig vil ég hrósa Hammondnefndinni fyrir þeirra vinnu, elju og dugnað að halda þessu uppi. Ef ekki væri fyrir þau væri engin hátíð.

Ég skora á Eygló Valdimarsdóttur að gefa sitt hrós í næsta blaði.

UPPSKRIFTIN

Fastur liður Bóndavörðunnar er uppskriftaráskorunin. Í síðasta tölublaði skoraði Gigje á Milenu að deila með lesendum einhverjum laxaréttanna sem hún töfraði fram á Matarmótinu í nóvember. Milenu var ekkert að vanbúnaði og deilir með lesendum uppskrift af dásamlegum laxrétti.

Keilur (horn) með lax og dillösti

Hráefni:

Wonton deig fyrir keilurnar eða tartalettur

300g rjómaostur mjúkur

4 msk ferskt dill eða meira

2 msk límónusafi

200g reyktur lax smátt skorinn

Salt & pipar

Til skreytinga: kaviar, dill, lax

Aðferð:

Milena bjó keilurnar til með því að djúpsteikja wonton deig en bendir á að hægt sé að nota tartalettur í staðinn.

Blandið saman rjómaostinum, dilli og límónusafa. Bætið salti og pipar út í eftir smekk.

Fyllið keilurnar (t.d. með sprautupoka), leggið laxinn ofan á og skreytið.

Milena skorar á Birki Helgason að deila uppskrift af sushi eða góðri steik í næsta tölublað Bóndavörðunnar.



FÖSTUDAGUR Á HAMMOND - ELÍN HALL

„Eins og að geta stungið sér í samband við töfraheim.“

Nafn tónlistarmanns: Elín Hall

Hvað er að fréttu? Hvað hefur drifið á daga þína undanfarið í tónlistinni?

Það er allt gott að fréttu af mér. Ég er bara búin að vera á fullu að vinna í plötu og spila tónlistina mína eins víða og ég get. Ég hóf þetta ár á tónlistarhátíðinni Eurosonic í Hollandi og er nýbúin að túra um Evrópu að opna fyrir listamennina Lillith Max og Jamie Woon. Svo stóð mjög upp úr að opna fyrir Laufeyju í Kórnum í mars. Svo það er nóg um að vera.

Hefur þú komið á Djúpvog áður?

Ég hef stoppað stutt en ekki skoðað mig nógu vel um. Ég vona að ég fái tækifæri til þess núna.

Hvað hefur þú verið lengi í tónlist?

Ég hef verið að semja tónlist síðan ég var unglingur og koma mér á framfæri. Svo alveg þó nokkurn tíma núna.

Hvaða plötu og/eða lögum mælir þú með fyrir hátíðargestir að hlusta á til að undirbúa sig fyrir framkomu þína á hátíðinni?

Ég mæli með að hlusta á nýju lögin og plötuna mína *Heyrist í mér?*

Hverju mega gestir Hammondhátíðar 2026 eiga von á frá þér og þínum?

Ég ætla að koma með Austfirðinginn Ívar Klausen með mér og hammondsnillinginn Söru Magnúsdóttur. Ég get ekki ímyndað mér betri félagskap og meira viðeigandi flota. Ég veit að það verður ótrúlega gaman hjá okkur og ég held fólk getiúið sig undir að smitast af gleðinni.

Er hammondorgelið í uppáhaldi?

Mér finnst það allavega ekkert eeeðlilega nett hljóðfæri.

Hvernig finnst þér best að semja tónlist? Koma lögin fyrst og textar svo eða öfugt?

Yfirleitt koma textahugmyndir fyrst og svo sem ég laglínur. Svo er alltaf smá verkefni að púsla þessu öllu saman þannig að þetta hljómi eins og mér finnst flott. En ég er opin fyrir því að lög komi til mín á mismunandi vegu. Ég vil alls ekki að þetta sé alltaf eins og reyni að prófa fjölbreyttar aðferðir og að vinna með mismunandi fólki. Þá gerist svo margt sem maður á ekki von á og það er æðislegt.

Hvað er framundan hjá þér?

Ég er til dæmis að undirbúa tónleika í Reykjavík á Fantasíu þann 2. maí. Svo er á döfinni tónleikar í Bretlandi, LA og Toronto á næstu mánuðum. Svo er aldrei að vita nema ég sé að fara í tókur á kvikmynd. Ég reyni að hugsa um einn dag í einu. Það er smá súrrealískt að fá að vinna við allt sem ég fæ að gera.

Hvað er skemmtilegast við að vera tónlistarkona?

Mér finnst svo gaman að hafa röddina til að segja það sem ég vil og sú staðreynd að fólk tengir við mig og minn hugarheim. Það er eins og að geta stungið sér í samband við töfraheim.



**BÓNDAVARÐAN ÓSKAR YKKUR
GLEÐILEGRAR HAMMONDHÁTÍÐAR**

FÖSTUDAGUR Á HAMMOND - SKÁLMOELD



„Við förum í hvert gigg eins og við séum að fara í stríð og við tökum enga fanga“

Nafn hljómsveitar: Skálmöld

Meðlimir sem væntanlegir eru á Hammondhátíð hljómsveitinni:

Björgvin Sigurðsson – söngur /gítar

Baldur Ragnarsson – gítar/söngur

Þráinn Árni Baldvinsson - gítar/söngur

Snæbjörn Ragnarsson - bassi/söngur

Gunnar Ben – hljómborð/söngur

Jón Geir Jóhannsson trommur/söngur

Hvað er að fréttu? Hvað hefur drifið á daga ykkar undanfarið?

Það er allt gott af okkur að fréttu, við höfum verið að taka því frekar rólega undanfarið fyrir utan helgi á Græna Hattinum í mars þannig að við erum ólmir að komast á svið.

Hafið þið komið á Djúpavog áður?

Skálmöld hefur ekki spilað á Djúpavogi áður. Þetta hefur verið rætt nánast árlega síðustu tíu ár en alltaf stangast á eitthvað annað, Evróputúra, hljóðver og eitthvað, en núna smell þetta loksins. Nú veit ég ekki með hina en ég (Jón Geir) hef komið á Djúpavog áður. Ég bjó í skemmtiferðaskipi í höfninni í viku á meðan ég var að leika álf í Witcherþætti. Ég sést hvergi í honum samt.

Hvað er eftirminnilegast eða skemmtilegast við staðinn að ykkar mati?

Nú hef ég bara verið þarna yfir hánóttina en friðsældin og hvað þetta er fallett bæjarstæði situr eftir.

Hvað hefur Skálmöld verið til lengi? Viljið deila með lesendum hvernig hljómsveitin varð til?

Skálmöld var stofnuð í ágúst 2009. Snæbjörn og Björgvin, sem eru æskuvinir voru að farest yfir því að hafa aldrei verið í almennilegri þungarokkshljómsveit og ákváðu að strika það af „bökke“-listanum. Snæbjörn hafði svo samband við menn sem hann vildi hafa með og markmiðið var að hittast á miðvikudögum, spila þungarokk og gera allavega eina plötu. Hér erum við enn, sautján árum sex stúdíóplötum og alls konar ferðalögum og ævintýrum seinna.

Hvaða plötur eða lög mælið með að hátíðargestir hlusti á til að undirbúa sig fyrir framkomu ykkar á Hammondhátíð?

Við reynum nú yfirleitt að taka eitthvað af öllum plötunum, en ef þið megid ekki vera að því að renna í allan catalóginn má benda á tónleikaplötuna okkar *10 Year Anniversary - Live in Reykjavík* sem var tekin upp í desember 2019.

Hverju mega gestir Hammondhátíðar 2026 eiga von á frá ykkur?

Skálmöld. Við förum í hvert gigg eins og við séum að fara í stríð og við tökum enga fanga.

Er hammondorgelið í upphaldi?

Gott Hammondorgel gleður en ég er rosa feginn að þurfa ekki að róta svoleiðis að staðaldri.

Hvernig finnst ykkur best að semja ykkar tónlist? Semjið saman sem hljómsveit eða er einhver meðlimur þar í aðalhlutverki?

Koma lögin fyrst og textar svo eða öfugt?

Við erum með hugmyndabanka þar sem allir henda inn hugmyndum að riffum eða lögum. Þegar við semjum plötu byrjum við á að fá ramma um hvað textarnir og löginn eiga að fjalla. Svo veidum við uppúr pottinum og semjum inn í stemminguna sem þessi hluti plötunnar kallar á. Textarnir sjálfir koma svo seinast. Snæbjörn er svo yfirleitt að klára að semja textana á meðan við erum að taka upp þannig að eins og lagið litast af þemanu þá litast textinn af laginu, þetta er dálítið eins og ormur sem bitur í halann á sér.

Hvað er framundan hjá ykkur?

Það er nú bara smá slaki framundan en Skálmöld er nú bara þannig að maður veit aldrei alveg hvað gerist næst.

Hvað er skemmtilegast við að vera tónlistarmaður?

Mér finnst bara svo asnalega gaman að spila að ég er ekki viss um að ég sé marktækur, en það að spila tónlist með vinum sínum er bara það besta í heimi.

DAGUR Í LÍFI TJALDA

Tjaldar vakna á undan foreldrum sínum en sumir vakna samt við vekjaraklukku. Annað hvort klukkan sjö eða korter yfir 8, þau eru bara ekki alveg viss. Þegar þau fara á fætur þá klæða þau sig, sum fá sér morgunmat á meðan önnur draga frá gardínurnar og gefa fiskunum því þeir fá ekki að borða á næturnar. Til þess að komast í leikskólann þá fara þau í bílnum með foreldrum sínum eða jafnvel hjólandi.

Í leikskólanum fara þau í hópastarf og má nefna t.d Numicon þar sem Elísa Rán kennir þeim að reikna. Fía kennir þeim kubbastarf, en þá eru þau að kubba með einingakubbum og holukubbum. Þar er Fía með viss þemu sem þau kynna sér áður en þau hefjast handa við að byggja. Þemu sem þau hafa verið að taka fyrir í vetur eru t.d atvinna pabba – atvinna mömmu – vetur – gamli tíminn og lengi má telja. Þau fá sér síðan hádegismat en Svala sér um að gefa þeim að borða og segja þau að hún geri alveg ofboðslega góðan mat.



Tjaldar eru elsti árgangur í leikskólanum Bjarkatúni og telja þau sex. Hér má sjá þau í sinni fyrstu heimsókn í Grunnskóla Djúpavogs þar sem þau munu byrja í fyrsta bekk næsta haust. Alexa Irmý, Szymon Piotr, Witold, Hrafninnna Ýr, Kolbeinn Ylur og Jakub

Eftir hádegismatinn er komið að Tjaldastarfi hjá Hugarúnu, en þar læra þau bókstafina og tölustafina. Eftir hádegis er útivera hjá þeim þegar þau eru ekki í íþróttahúsinu á fótboltaæfingu hjá Neista. Þau eru hinsvegar lang spenntust fyrir föstudögum því þá er yfirleitt á dagskrá Óvissuferð Hrannar, en þá leiðir Hrönn þau um þorpið okkar þar sem þau skoða allt mögulegt og lenda oft í ýmsum uppákomum. Þegar leikskólinn er búinn þá fara þau stundum að leika við vini sína en þá fara þau í mömmó, fótbolta eða Ninja Go. Sumum finnst stundum bara fint að fara heim og horfa á síma, sjónvarp eða spjaldtölvuna.

Stundum fá þau að fara í búðina með foreldrum sínum en ekki alltaf, en svo er bara komið að kvöldmat og sum þeirra aðstoða foreldra sína við að elda. Stundum fara þau í bað á meðan aðrir fara í sturtu áður en þau burstu tennur og leggjast til hvílu.

Til að svæfa Tjaldanna þá þarf að :

- strjúka bak
- lesa sögu
- hlusta á sögu
- syngja vögguvísu
- en sumir vilja bara sofna sjálfir.

BINGÓ

LAUGARDAGINN
2. MAÍ
HÓTEL FRAMTÍÐ

Barnabingó kl 14:00

Spjaldið á 600 kr.

Fullorðinsbingó kl 20:00

Miðast við fermingaraldur

1 spjald 1.500

2 spjöld 2.500

3 spjöld 3.500

4 spjöld 4.500

5 spjöld 5.000

Kvenfélagið Vaka

FRÁ DJÚPAVOGI Á STÍLINN

Félagsmiðstöðin Zion Djúpavogi tók þátt í Stíl sem er hönnunarkeppni á vegum Samfés fyrir ungmenni í 8. – 10. bekk grunnskóla. Keppnin hefur verið haldin um árabil og er ein af föstum stöðum viðburðastarfs Samfés á sviði skapandi tólmundastarfs. Keppnin er ætluð félagsmiðstöðvum, þar sem hver félagsmiðstöð sendir eitt keppnislið skipað 2–5 einstaklingum.

Fyrir hönd Zion kepptu þær Antonía Elísabet Ólafsdóttir, Ásdís Elísa Jónsdóttir, Bergþóra Thea Birgisdóttir, Eyrún Stína Skagalín Guðmundsdóttir og Zoe Reyes Hernandes. Bóndavarðan tók þær tali og fékk að kynna keppninni betur og þeirra upplifun á henni.



Antonía, Ásdís, Bergþóra Thea, Eyrún og Zoe lentu í 3. sæti

Val í skólanum

Djúpavogsskóli bauð nemendum að taka þátt í Stíl, sem val í skólanum. Allar stúlkurnar sem kepptu fyrir hönd Zion höfðu heyrt um Stíl áður. Þeim þótti keppnin mjög spennandi og áhugaverð, svo þær slógu til. Keppnin fer þannig fram að allir keppendur fá tvo klukkutíma til að gera hárið, förðunina og fara í sérhönnuð fötin. Á meðan verið er að græja módelin er sviðið gert tilbúið. Næst fara módelin upp á svið og sýna hönnunina. Þegar dómarmar hafa gert upp hug sinn er svo tilkynnt hvaða félagsmiðstöð fær verðlaun. Keppnisflokkarnir eru „heilðarhönnun“, „besta hönnunarmappan“ og „förðun og hár“. Dómnefnd metur hönnunina á grundvelli sviðssýningar og þeirra gagna sem liggja fyrir í hönnunarmöppunni.

Hugmyndin kom frá fjölnota poka úr búðinni

Þema keppinnar í ár var „Á tímum Viktoríu“ (Victorian era) og tókst keppendum að túlka tímabilið á fjölbreyttan og skapandi hátt. Á sviðinu mátti sjá áhrif frá klassískum fatnaði Viktoríutímans, svo sem blúndum, korsettum, dramatískum sniðum og glæsilegum smáatriðum, sem keppendur útfærðu á sinn eigin hátt. „Hugmyndin okkar varð til þegar við fundum mjög fallegan, grænan og gylltan fjölnotapoka úti í búð. Við ákváðum svo að það yrði grunnurinn að litapemanu og hugmyndinni“. Þær ákváðu að þeirra eigið þema fyrir kjólinn væri *Secret Garden* sem þýða mátti sem leynilund eða leyndargarð. Þegar hugmyndavinnunni var lokið lentu þær í örlítilli tímaþröng og ákváðu því að skipta með sér verkum. Ein gerði krínólínið, efsta græna pilsíð og sólhlífina, önnur gerði korsettið og undirfötin, þriðja gerði neglurnar, teikningarnar og söguþráðinn, fjórða gerði skartgripina og hárið og sú fimmta gerði gullpilsíð og litapemað. „Svo hjálpuðumst við allar við möppuna og fengum hjálp frá Karólínu Björt Steinþórsdóttur til að skrifa allan textann í hönnunarmöppuna“.

Verðlaunasæti í fyrsta sinn í sögunni

Stúlkurnar sögðu það stressandi að sjá alla hina keppendurnar og hvað þeir voru flottir. Þær áttuðu sig fljótt á því að keppnin yrði hörð og kjólarinn yrðu margir glæsilegir. „Við vorum allar svo vissar að við fengjum ekki verðlaun, því allir voru með svo flotta kjóla“. Alls kepptu 25 félagsmiðstöðvar um verðlaunin. Svo kom að stóru stundinni og viti menn, Zion varð í þriðja sæti í flokki hönnunar. „Við vorum svo hissa og mjög glaðar með að lenda í 3. sæti, því við höldum að við myndum ekki lenda í neinu sæti“.



Bergþóra Thea í kjólnum. Þema kjólsins var *Secret Garden*

Mikilvægt að gleyma ekki að hafa gaman

Helsta lærdóminn segja stúlkurnar hafa verið hvað samvinna og samskipti eru mikilvæg í svona hópverkefni. Eins að mikilvægt sé að hafa alltaf gaman og treysta á sjálfan sig. „Látið bara vaða! Þó að þú vinnir ekki þá er þetta einstakt tækifæri“. Aðspurðar um hollráð til yngri nemenda þá segja þær einfaldlega: „Mundu alltaf að treysta á sjálfan þig og ekki gleyma að hafa gaman“. „Við erum mjög þakklátar fyrir alla hjálpinu sem við fengum frá öllum kennurum og skólanum“. Sérstaklega þakka þær Helgu Björk Arnardóttur, Ingibjörgu Báru Gunnlaugsdóttur, William Óðni Lefever og Karólínu Björt Steinþórsdóttur fyrir alla þeirra hjálp. „Við hefðum ekki getað gert þetta án þeirra“.

Bóndavarðan óskar þessum stórkostlegu ungu konum innilega til hamingju með árangurinn og hlakkar til að fylgjast með þeim í framtíðinni!

SKIPAKOMUR - DJÚPIVOGUR 2026



Dags. Date	Skip Ship	Bryggja Pier	Koma ETA	Brottf. ETD	Farþegar Passengers	Áhöfn Crew
MAÍ						
5/22/2026	Le Bellot	Anchor	07:00	17:00	250	140
5/27/2026	Greg Mortimer	Gleiðavík	08:00	20:00	160	74
JÚNÍ						
6.3.2026	L'Austral	Anchor	07:00	17:00	224	136
6.5.2026	Greg Mortimer	Gleiðavík	08:00	19:00	160	74
6.6.2026	NG Explorer	Gleiðavík	13:00	19:00	148	70
6.8.2026	Seabourn Ovation	Anchor	08:00	18:00	600	330
6/14/2026	Hanseatic Nature	Anchor	07:00	17:00	200	170
6/16/2026	Rotterdam	Anchor	08:00	17:00	2106	1053
6/22/2026	Viking Neptune	Anchor	08:00	19:00	930	465
6/27/2026	Viking Mars	Anchor	08:00	18:00	930	465
6/28/2026	NG Endurance	Gleiðavík	13:00	19:00	117	112
6/30/2026	Hanseatic Spirit	Anchor	07:00	19:00	230	178
6/30/2026	L'Austral	Anchor	07:00	17:30	224	136

Dags. Date	Skip Ship	Bryggja Pier	Koma ETA	Brottf. ETD	Farþegar Passengers	Áhöfn Crew
JÚLÍ						
7.3.2026	Volendam	Anchor	07:00	17:00	1432	647
7.4.2026	Viking Mars	Anchor	08:00	18:00	930	465
7.6.2026	Carnival Legend	Anchor	09:00	18:00	2124	930
7.11.2026	Viking Mars	Anchor	08:00	18:00	930	465
7/14/2026	Seven Seas Grandeur	Anchor	08:00	18:00	754	542
7/16/2026	Viking Neptune	Anchor	07:00	17:00	930	470
7/17/2026	Le Lapérouse	Anchor	07:00	17:00	184	124
7/18/2026	Viking Mars	Anchor	08:00	18:00	930	465
7/19/2026	MS Insignia	Anchor	07:00	16:00	684	386
7/21/2026	Rotterdam	Anchor	08:00	17:00	2106	1053
7/22/2026	Vking Vela	Anchor	08:00	19:00	998	465
7/25/2026	MS Vista	Anchor	07:00	17:00	1200	800
7/25/2026	Viking Mars	Anchor	08:00	18:00	930	465
7/29/2026	Insignia	Anchor	07:00	16:00	684	386
ÁGÚST						
8.1.2026	Nieuw Stadendam	Anchor	07:00	16:00	2650	929
8.1.2026	Viking Mars	Anchor	08:00	18:00	930	465
8.4.2026	Ocean Victory	Gleiðavík	09:00	19:00	199	57
8.5.2026	Ultramarine	Anchor	06:00	19:00	199	140
8.6.2026	Hamburg	Anchor	09:00	21:00	408	170
8.8.2026	Viking Mars	Anchor	08:00	18:00	930	465
8.9.2026	MS Marina	Anchor	07:00	16:00	1285	800
12:8.2026	Viking Mars	Anchor	08:00	18:00	900	465
8/15/2026	Vking Vela	Anchor	08:00	19:00	930	465
8/19/2026	Viking Mars	Anchor	08:00	19:30	900	465
8/25/2026	Rotterdam	Anchor	08:00	17:00	2106	1053
8/26/2026	MS Marina	Anchor	07:00	16:00	1285	800
SEPTEMBER						
9/20/2026	NG Endurance	Gleiðavík	13:00	18:00	170	112

Múlaping minnir á heimasíðu hafnanna www.portsofmulathing.is hvar hægt er að fá frekari upplýsingar.

Dagatalið á heimasíðunni sýnir alltaf réttar upplýsingar ef einhverjar breytingar eiga sér stað frá því að dagatalið kemur út í Bóndavörðunni.

Þar er líka hægt að sjá bókanir fram í tímann sem er mjög gagnlegt fyrir þá sem eru að skipuleggja þjónustu við skipin.



**Hafnir
Múlapings**

ÞETTA ER LÍFIÐ

20 ár eru nú liðin frá fyrstu Hammondhátíðinni á Djúpavogi. Björn Hafþór Guðmundsson, fyrrum sveitarstjóri og þúsund þjala smiður, þekkir hátíðina vel og hefur fylgt henni náið lengst af. Hafþór deilir með lesendum Bóndavörðunnar fallegum minningarorðum sem hann flutti við setningu sjöundu Hammondhátíðar Djúpavogs 19. apríl 2012 m.a að frumkvæði Hrannar heitinnar Jónsdóttur. Þar minnst hann Jóns Ægis Ingimundarsonar, eins mesta tónlistarmanns sem Djúpivogur hefur alið af sér. Jón Ægir var, eins og kemur fram í minningarorðunum, einn tryggasti stuðningsmaður Hammondhátíðarinnar.

Ég hef tekið að mér við upphaf sjöundu Hammondhátíðar Djúpavogs að flytja minningarorð um einn af helztu stuðningsmönnum hennar frá upphafi, Jón Ægi Ingimundarson.

Það voru sannarlega dimmar stundir og depurð í hugum okkar daga og vikur, er í hönd fóru í kjölfar hins hörmulega slyss haustið 2011, sem kallaði burtu á svipstundu sambýlismann, föður, son, vin og frænda. Þar með varð byggðarlagið í heild án eins af þess beztu sonum. Jóni Ægi var vissulega sýnd virðing, eins og vera bar við hátíðlega útför, sem var öllum, er að stóðu, til sóma. Á stundum sem slíkum veitir tónlistin huggun og það var vel til fundið að flytja m.a. tónlist í anda þess, sem kvaddur var. Tveir félagar Jóns Ægis úr hljómsveitinni hans önnuðust þetta erfiða hlutverk með glæsibrag og gerðu léttbærari göngu okkar inn í tímabilið, þegar ljúfar minningar verða sorginni smám saman yfirsterkari.

Hið sama gildi um samkomu í þessu húsi, þegar u.p.b. hálfur mánuður lifði af árinu 2011, er félagar hans í tónlistinni til margra ára, og jafnvel áratuga, heiðruðu minningu hans á þann hátt, sem hann sjálfur hefði kosið. Kynningar þeirra félaga undirstrikuðu mikilvægi vinar þeirra og samstarfsmanns í tónlistarsögu byggðarlagsins. Aukst við það skilningur þeirra, sem minna þekktu til, á þeirri staðreynd að líklega hefur Jón Ægir rist á þeim vettvangi dýpri og mikilvægari spor en nokkur annar hér fæddur og búsettur. Þessi atburður gerði örugglega mörgum léttbærara að takast á við tímann, er í hönd fór, þegar minningar um gengna vini og samstarfsmenn leita hvað sterkast upp í hugann.

Auk þess að vera virkur flytjandi tónlistar lagði Jón Ægir gjörva hönd á plóg vegna annarra þátta, sem lúta að því að koma henni til skila. Hann lagði til eigin „græjur“, þegar svo bar undir og hið sama gerðu reyndar félagar hans, en þar sem hann var „aðalgræjukallinn“ varð framlag hans gjarnan mest. Var þá ekki spurt um afgang fyrir hið leigða, heldur fyrst og fremst horft til þess að láta sem mest gott af sér leiða og „redda hlutunum“. Þetta átti t.d. við um Vísnavini á Djúpavogi forðum og ekki síður í upphafi Hammondhátíðarinnar, sem hófst árið 2006. Ljóst er að hún hefði ekki komið jafn vel út fjárhagslega ef kosta hefði þurft meiru til, en gert var með hluti, er úr smiðju Jóns Ægis og félaga hans komu. En þetta var bara brot af því sem hann kom að hér í gegnum tíðina og væri langt mál að telja allt upp í því sambandi. Og þetta gerði hann með sama jafnaðargeðinu og á þann hátt að vera sýnilegur í verkum sínum, t.d. með því að stilla fyrirfram upp hljóðkerfum og tengja, alveg sallarólegur og fara svo fimum fingrum um takkana eftir þörfum, þegar á hólminn var komið.

Jón Ægir var einnig nokkuð á undan sinni samtíð þegar að því kom að fjárfesta í alvöru tækjum til að taka upp tónlist. Í fjölmennara byggðarlagi hefði hann örugglega haft meiri not fyrir fjárfestingu af þessu tagi, en frumkvæðið og það að vera sjálfum sér nógur, en ekki upp á aðra kominn, sýndi ótvírætt mikla framsækni á þessu sviði sem öðrum. Ég mun ekki gera starfsferli Jóns Ægis og þátttöku í atvinnulífi staðarins nein skil hér, enda var það prýðilega gert við útför hans. Á því sviði sem annars staðar ávann hann sér að sjálfsögðu virðingu og vináttu fjölmargra.

Það er líklega ekki nógu sýnilegt, þegar menn skoða umfjöllun um einstakar hátíðir á heimasíðu sveitarfélagsins, hversu mikilvægur Jón Ægir var henni, einkum í upphafi. Þá hef ég í huga hina flóknu tækni, sem til þarf, svo tónlistin komist vel til skila, ekki sízt í húsi, sem stundum þarf að tjónka við, hvað hljómburð varðar. Hans er þó að sjálfsögðu getið í þessu sambandi í umfjöllun vegna einstakra ára. Ekki síður ber nafn hans á góma, þegar fjallað er um tónlistaratburði, sem hann og félagar hans stóðu fyrir og oft var nefnt „kvöld heimamanna“. Á einum stað segir svo, en þar var einmitt verið að fjalla um tónleika með efni úr smiðju Pink Floyd árið 2009: „Jón Ægir hefur áður tekið mörg góð gítarsólóin og bætti rósum í hnappagat sitt í gær“.



Jón Ægir Ingimundarson

Einnig kemur fram að þegar tónlist þeirra félaganna í Pink Floyd hafi verið annars vegar, megi halda því fram að fáir hafi verið meira á heimavelli en gítarleikarinn Jón Ægir. Og áfram er hugleitt, að tónlist Pink Floyd verði seint talin fyrir byrjendur og svo sannarlega sé „öðruvísi sveifla“ í mörgum lögum þeirra. Hljómagangurinn er sagður oft flókinn, en þrátt fyrir það (eða vegna þess) hafi tónlist Pink Floyd heillað fjölmarga. Ég fullyrði að Jón Ægir Ingimundarson var einn af traustustu aðdáendum Pink Floyd og manna iðnastur við að kynna hljómveitina hér um slóðir. Fyrir það eitt ber að þakka svo sem vert er.

Það er á vissan hátt erfitt að vera hér á þessari stundu og taka þátt í að heiðra minningu hins látna félaganna og vinar. Megi hún samt verða spor í þá átt að létta hinn þungbæra verk fyrir brjósti þeirra, er sárast eiga um að binda og auka birtuna í huga okkar allra vegna góðra minninga um hinn horfna. Þegar einhver okkur nákominn eða jafnvel fjarskyldari fellur frá, koma gjarnan í hugann atvik er tengjast þeim, sem brott er genginn. Stundum hefðu menn kosið að hafa gert hlutina öðru vísi í samskiptum, ekki endilega að þar hafi verið neitt illt á ferð, heldur miklu fremur kosið að láta viðkomandi finna enn skýrar, hversu kær hann væri manni. Þetta er í raun angi af því ágæta orðtæki; „Aðgát skal höfð í nærveru sálar“, sem mætti leggja þannig út að þú skalt ekki bara sýna náunga þínum virðingu, heldur skaltu líka láta hann finna hversu kær hann er þér og hve mikils virði þú telur framlag hans til þín og alls þess samfélags, sem þið hrærist í.

Þó að Jón Ægir Ingimundarson hafi haldið meira upp á Pink Floyd en t.d. Bítlanan, veit ég að hann „fílaði“ ýmsar tegundir tónlistar. Eitt sinn gekk hann glaðhlakkalegur fram hjá miðasölunni á einni hátíðinni, benti í átt til „Hjálmannanna“, sem voru þá að trylla salinn og sagði brosmildur í þremur orðum skoðun sína á tónlistinni og gildi hennar með vísan til þess atburðar, sem þá var í gangi: „Þetta er lífið“. Og þó að David Gilmour væri frekar hans maður en t.d. John Lennon, reikna ég alveg með að hann hafi fundið ákveðna samsvörun í framsæknari verkum úr smíðju hins síðarnefnda, sem alla jafna samdi góð lög og ekki síður texta. Ég ætla því að enda mál mitt með eigin þýðingu á einum fallegasta texta John Lennon, *In My Life*, sem ég nefni „Mitt æviskeið“.

Ég tel að í textanum komi fram ábending um það sem ég var að reyna að segja um mikilvægi góðra minninga, ekki sízt um þá sem okkur voru kærastir og hvernig okkur ber að tjá þeim oftar vináttu og virðingu meðan við getum gert það „maður við mann“.

Mitt æviskeið

(John Lennon / In My Life)

Ýmsa staði mér í minni
mun ég geyma, þótt eldist senn.
Sumir horfnir, sumir breyttir,
sumir þarna af vana enn.
Áttu þessir staðir stundir,
stoltið lék þá um vinnuhóp.
Látnir sumir, lífa aðrir,
mitt æviskeið - mér örlög skóp.

En úr vorum vinaranni
verður þú fyrst í hug og brag.
Og þá minningin oft merlar
um mig og þig - í gær og dag.
Meðan væn sú hugsun vermir
um vini og stað', er minn' á sig.
Ég staldra við og stundum hugsa um þá
mitt æviskeið - og mig og þig
.. mitt æviskeið - og mig og þig.

Björn Hafþór Guðmundsson





HÓTEL FRAMTÍÐ

Vogalandi 4 / 478 8887



Hammond matseðill
Pizzatilboð
Súpa & brunch
Tilboð á gistingu



Njóttu góðs matar með
útsýni yfir höfnina í
hjarta Djúpavogs

www.hotelframtid.is



LAUGARDAGUR Á HAMMOND - KRISTJÁN I



„Náttúran, umhverfið og kyrrðin örva sköpunargáfuna“

Nafn tónlistarmanns: Kristján I

Meðlimir sem væntanlegir eru á Hammondhátíð með þér:

Það verður valinn maður í hverju rúmi en Sniglabandið ætlar að vera mér til aðstoðar á tónleikum.

Hvað er að fréttu? Hvað hefur drifið á daga þína undanfarið?

Svona tónlistarlega séð hafa síðustu vikur og mánuðir að mestu farið í að undirbúa nýju plötuna mína „Ég er hafið“. Jú og svo álpaðist ég til að taka upp „Neista lag“.

Hvenær varð tónlistarmaðurinn Kristján I til og hvernig?

Þetta er flókin spurning. Ætli allt sem maður sér og heyrir og finnur móti mann ekki að öllu leyti. Ég var alltaf feiminn við að kalla mig tónlistarmann þangað til að ég var búinn að gefa út plötu en þá viðurkenndi ég fyrir sjálfum mér að líklega gæti ég kallað mig tónlistarmann þar sem það var til tónlist sem ég bjó til og jú, svo fær maður af og til smá pening fyrir að vinna við tónlist. Það má því kannski segja að ég hafi skriðið úr egginu í febrúar 2021 þegar platan kom út en eggjið var búið að vera til í mörg ár.

Hvaðan sækir þú innblástur í þinni tónlistargerð?

Ég leita svo sem ekki sérstaklega að innblæstri þetta bara kemur einhvern veginn af sjálfu sér, en ég hef alltaf hlustað mikið á tónlist og alls konar tegundir af tónlist og mögulega hjálpar það.

Spilar Djúpvogur eitthvað hlutverk í þinni tónlistarsköpun?

Já heldur betur, ég held að náttúran, umhverfið og kyrrðin örvi sköpunargáfuna og þetta kemur alveg við sögu í textunum.

Hvaða plötur eða lög mælir þú með að hátíðargestir hlusti á til að undirbúa sig fyrir framkomu þína á Hammondhátíð?

Tja, nú er nýja platan nýkomin inn á Spotify og það er um að gera að venja sig við lögin þar en svo verður eitthvað tekið af fyrri plötunni líka. Reikna með að taka svona sirka helming af nýju og helming af gömlu.

Hverju mega gestir Hammondhátíðar 2026 eiga von á frá þér?

Þetta verða tvöfaldir útgáfutónleikar. Fyrri platan mín „Tilveran“ kom út í Covid sem gerði það að verkum að ekki tókst að hafa útgáfutónleika. Nú er komin út ný plata og þá er kjörið tækifæri að taka útgáfutónleika fyrir báðar plöturnar. Þetta verður auðvitað einstakur viðburður af því að þetta er í fyrsta skiptið sem lögin verða flutt á tónleikum með bandi. Ég lofa að gera mitt besta og vona að tónleikagestir njóti og skemmti sér vel.

Er hammondorgelið í uppáhaldi?

Ó já. Komandi frá Djúpvoggi þar sem haldin er Hammondhátíð er ekki hægt annað. Svo er Hammond orgelið auðvitað samofið rokksögunni og öllum þeim fjölda hljómsveita sem hafa notað það. Hammond orgelið er líka margslungið hljóðfæri og getur túlkað margs konar tilfinningar, það getur túlkað gleði og framkallað blíða hljóma en líka öskrað á mann í reiði eða angist.

Hvernig finnst þér best að semja tónlist? Koma lögin fyrst og textar svo eða öfugt?

Lang oftast koma lögin fyrst, yfirleitt smá bítar í einu sem ég þrjóna svo eitthvað meira við annaðhvort með einhverju nýju eða öðrum eldri bítum sem ég átti í fórum mínum. Svo tekur við höfuðverkurinn að semja textann við lagið sem þarf að falla að laglinunni og hrynjandanum ásamt því segja eitthvað.

Hvað er framundan hjá þér?

Akkúrat núna er ég að stússast í hinu og þessu sem fylgir því að gefa út plötu, útgáfupartý, geisladiska boli og vínlyframléiðsla, já og undirbúa Hammond-útgáfutónleika plús það að spila í kirkjum. Að öllu þessu loknu, jah ætli maður dundi sér bara ekki við að búa til meiri tónlist og njóta sumarsins.

HEIMASTJÓRN KVEÐUR

Kæru íbúar, þetta er síðasta grein heimastjórnar á kjörtímabilinu 2022-2026. Við viljum nota tækifærið til að þakka fyrir síðustu fjögur ár og upplýsa ykkur formlega um áform okkar í komandi kosningum.

Ljóst er að breytingar munu verða á heimastjórn Djúpavogs eftir kosningar. Tveir fulltrúar eru kjörnir í beinni persónukosningu eins og allir þekkjja. Ingi Ragnarsson sem hefur setið í heimastjórn frá sameiningu árið 2020 gefur ekki kost á sér, en Oddný Anna Björnsdóttir sem kom inn í heimastjórn eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar gefur kost á sér áfram. Formaður og varaformaður heimastjórnar eru skipaðir af sveitarstjórn og mun skýrast að loknum kosningum hverjir það verða. Við hvetjum alla áhugasama til að gefa kost á sér í heimastjórn.

Breytingar verða einnig í Geysi. Eiður Ragnarsson hefur sagt starfi sínu lausu og mun hverfa til annarra starfa um mánaðarmótin maí/júní. Starfið hefur verið auglýst á vef Múlaþings og á alfred.is. Heimastjórn Djúpavogs þakkar Eiði fyrir störf sín og óskar honum velfarnaðar.

Íbúafundur á vegum heimastjórna í Múlaþingi verða ekki haldnir þetta vorið vegna kosninga. Þess í stað buðu Samráðshópur Cittaslow og Íbúasamtök Djúpavogs og nærsveita íbúum til samtals í Löngubúð miðvikudaginn 15. apríl.

Nú verður stiklað á stóru varðandi helstu verkefni eins og í fyrri greinum heimastjórnar. Minnum á að yfirlitið yfir helstu verkefni, feril og stöðu þeirra er aðgengilegt efst í íbúahópi heimastjórnar á Facebook.

Nýtt aðalskipulag

Fyrir liggur tillaga að nýju aðalskipulagi Múlaþings 2025-2045. Auglýsing nýs aðalskipulags stóð yfir frá 19. desember 2025 til 11. febrúar 2026 og bárust 67 umsagnir. Fjölmargar þeirra komu frá íbúum og lögaðilum í gamla Djúpavogshreppi. Fjöldi umsagna og breytingar þeirra vegna voru það umfangsmiklar að aðalskipulagið verður aftur sett í auglýsingu og umsagnarferli eftir fund sveitarstjórnar þann 15. apríl.

Deiliskipulagsbreyting

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkti þann 23. febrúar að kynna vinnslutillögu vegna breytinga á deiliskipulagi athafnasvæðisins við Innri-Gleðivík. Meginmarkmið hennar er að gera ráð fyrir tengingu við hringveginn sem uppfyllir áherslur og viðmið Vegagerðarinnar um þjóðvegi í þéttbýli. Hægt var að gera athugasemdir við hana til og með 17. apríl. Heimastjórn samþykkti skipulagsbreytinguna fyrir sitt leyti, en benti á að inni í Gleðivík vanti sárlega bílastæði fyrir þá fjölmörgu sem skoða Eggín í Gleðivík og að úr því þurfi að bæta.

Bókasafnið

Um áramótin sameinuðust almenningsbókasöfnin í Múlaþingi. Markmiðið með sameiningunni var að samræma og efla þjónustuna. Á Djúpavogi var opnunartíminn lengdur í mánudaga til fimmtudaga frá 15 - 18 og samhliða því var starfsmaður ráðinn í herra starfshlutfall.

Gamla kirkjan

Gert er ráð fyrir að skrifað verði undir samning á milli Múlaþings og Hollvínasamtaka Gömlu kirkjunnar um nýtingu og starfsemi í húsinu á Hammondhelginni. Þess má geta að samtökin fengu 150 þúsund króna styrk í samfélags- og menningarviðburðinn “Maður er manns gaman” í fyrri úthlutun menningarstyrkja í Múlaþingi í febrúar.

Hammondhátíð 20 ára

Hammondhátíð verður með glæsilegasta móti í ár, en heimastjórn samþykkti að veita einnar milljóna króna “menningarstyrk SSA til jaðarbyggða” til Hammondhátíðar 2026 í tilefni af því að hún verður haldin í 20. skipti.

Notó opnar á ný

Leitað hefur verið að húsnæði fyrir nytjamarcað foreldrafélags grunnskólans undanfarin misseri. Hammersminni 2b losnaði í byrjun ársins og var foreldrafélagi grunnskólans boðið að nýta það - sem þau þáðu - og hefur vinna staðið yfir að koma því í stand. Stefnt er að opnun á Hammondhelginni.

Prestsþjónusta á Djúpavogi

Heimastjórn mótmælti harðlega þeim áformum að selja prestsbústaðinn á Djúpavogi, því það myndi fela í sér varanlega skerðingu á þjónustu við íbúa svæðisins og ganga þvert á gildandi skipulag Austfjarðaprestakalls. Eftir samtal við starfsfólk Biskupsstofu var okkur tilkynnt að ákveðið hefði verið að fresta sölunni. Í haust verði mótuð stefna um það hvernig embættin eru mönnuð og ákvörðun tekin í kjölfarið sem má líta á sem eins konar áfangasigur.

Ríkarðshús

Búið er að selja fasteignirnar og jörðina sem Ríkarðshús átti hlut í. Heimastjórn vísaði málinu til Bygðarráðs og lagði til að ráðist verði í stefnumótunarvinnu varðandi uppbyggingu og rekstur á Ríkarðssafni og að í þeirri vinnu verði horft til samlegðaráhrifa í menningartengdri starfsemi á Djúpavogi.

Umhverfisviðurkenningar

Umhverfisviðurkenningar voru veittar í fyrsta sinn í Múlapingi í lok síðasta árs. Hótel Framtíð hlaut viðurkenninguna fyrir fyrirtækjalóð ársins og óskum við þeim innilega til hamingju. Gert er ráð fyrir að þetta verði árviss viðburður og íbúar hvattir til að tilnefna í eftirtalda flokka þegar eftir því er kallað; íbúðalóð, fyrirtækjalóð og lögbýli.

Öxi

Framan af vetri gekk vel að halda Axarvegi opnum enda tíðarfar hagstætt. Það breyttist í lok febrúar, en síðan þá hefur það verið afar óhagstætt og því ekki ráðist í opnun fyrr en í apríl. Vetrarþjónusta á vegi eins og Axarvegi er áskorun og því ekki annað tækt en að framkvæmdir við heilsársveginn hefjist sem allra fyrst.



Gamla kirkjan



Notó opna í Hammersminni 2b



Skemmtiferðaskip í Berufirði

Framkvæmdir

Sem fyrr eru þó nokkrar framkvæmdir í gangi og er staðan á þeim helstu eftirfarandi:

Heitt vatn: Þær holur sem nú þegar er búið að bora verða mældar til að ákveða næstu skref, en beðið er eftir mælingabíl og starfsmönnum ISOR. Unnið er að hönnun á lagnaleið frá hitasvæðinu að þéttbýlinu og eru uppi áætlanir um að nýta það vatn sem fyrir er í Íþróttamiðstöð Djúpavogs ef ekkert meira finnst. Vonandi finnst þó meira magn svo hægt verði að hitaveituvæða allt þorpið.

Höfnin: Ein flotbryggja verður endurnýjuð í vor. Alls var landað um 20.000 tonnum af óslægðum laxi til slátrunar á Djúpavogi á síðasta ári og um 6.500 tonnum af bolfiski. Vöruflutningar frá Djúpavogshöfn voru um 7.800 tonn og til hafnar um 950 tonn. Skemmtiferðaskip voru 57 með um 31.000 farþegum. Þegar þetta er skrifað eru 40 skip bókuð í ár með um 40.000 farþegum.

Gatnaframkvæmdir og gangstéttir: Gatnaframkvæmdir hafa verið á bið vegna heitavatsnleitarinnar, en nú er stefnt að því að endurbyggja Markaland (götu, lagnir og gangstéttar) á komandi sumri, ásamt því að leggja malbik á nýjasta hluta Borgarlands. Búið er að leggja göngustíga milli Hlíðar og Borgarlands og milli Brekku og Markarlands. Einnig er gert ráð fyrir nýjum stíg milli Markar og Markarlands. Allir þessir stígar verða malbikaðir.

Vegur út á sanda: Fjármagn hefur verið áætlað í veginn og er hann í vinnslu. Dagsetning á framkvæmdir er ekki komin.

Raðhús í Markarlandi: Eftir miklar tafir tók leigufélagið Brák, í samstarfi við byggingarfélagið Búðinga, yfir framkvæmdina. Húsin eru risin og munu klárast í sumar.

Ljósleiðaravæðing þorpsins: Um 60% húsa á Djúpavogi eru komin með ljósleiðara og stendur til að ljúka verkinu í sumar. Ljósleiðaravæðingu sveitanna er lokið.

Leikskólinn: Hönnun og forvinna að stækkun leikskólans er að mestu lokið. Gert er ráð fyrir að bjóða út framkvæmdir í byrjun maí sem eiga að geta hafist í sumar.

Íþróttamiðstöðin: Samþykkt var að sveitarfélagið kæmi með mótframlag á móti samfélagsstyrk heimastjórnar og styrkjum frá Októberfest 2024 og Þorrablótsnefnd Djúpavogs svo hægt væri að fjárfesta í gufubaðsklefa ásamt útisturtum. Áætlað er að vinna við uppsetningu fari fram í sumar. Urbætur á líkamsræktaraðstöðunni eru í vinnslu og þegar hefur verið fjárfest í nokkrum tækjum.

Slökkvistöðin: Innanhússframkvæmdum við slökkvistöðina lauk í mars. Starfsaðstaðan hefur batnað til muna og viðbragðsgeta styrkst þar sem unnt er að halda tækjum og bifreiðum fullbúnum og tilbúnum til útkalls. Stefnt er að því að vinna við viðhald utanhúss hefjist í sumar.



Miðlar Múlapings

Fylgstu með því sem er efst á baugi í sveitarfélaginu

Á heimasíðu Múlapings geturðu:

- Fylgst með fréttum
- Sent inn viðburði og séð hvaða viðburðir eru framundan
- Sent inn ábendingar
- Skráð þig inn á Mínar síður
- Skoðað kjarnasíður
- ...og margt fleira!



mulathing.is



Á Facebooksíðu Múlapings geturðu:

- Fylgst með fréttum
- Séð hvaða viðburðir eru framundan
- Séð fréttir og viðburði sem snerta sveitarfélagið
- ...og margt fleira!



facebook.com/mulathing



Búlandshöfn



Eggin í Gleðivík



Klifð



Sumar í Hamarsfirði



Slökkvistöð eftir breytingar

Styrkúthlutanir

Ýmsir styrkir hafa verið veittir í ólík mál það sem af er ári sem er fagnaðarefni:

Almenningssamgöngur: Innviðaráðherra veitti 10 milljóna króna styrk í almenningssamgöngur milli Djúpavogs og Egilsstaða í mars. Markmið verkefnisins er að koma á reglubundnum almenningssamgöngum milli staðanna, einna helst til að mæta þörfum þeirra nemenda sem stunda nám við Menntaskólinn á Egilsstöðum sem í vetur eru á þriðja tug.

Bráðabjónusta: Þann 7. janúar úthlutaði heilbrigðisráðherra sex milljónum króna til kaupa á búnaði fyrir bráðabjónustuna á heilsugæslustöðinni á Djúpavogi sem þýðir að hægt verður að gera betri bráðagreiningar í neyðartilfellum.

Fiskeldissjóður: Tveir styrkir komu til Djúpavogs í ár. Rúmar 30 milljónir í gatnaframkvæmdir í Víkurlandi og rúmar 45 í Markalandi. 30 milljóna króna styrkurinn sem kom í grunnskólann á Seyðisfirði losar fjármagn í fjárfestingaáætlun ársins sem vilji er til að verði sett í verkefni á Djúpavogi, til dæmis endurbætur á Sambúð.

Húsfriðunarsjóður: Í úthlutun úr Húsfriðunarsjóði fengu fimm hús og kirkjur í Gamla Djúpavogshreppi styrki, samtals 11,1 milljón króna. Langabúð fékk 3,6, Gamla kirkjan 3,0, Faktorshúsið 2,1, Hofskirkja í Álftafirði 1,4 og Geysir 1,0 milljónir króna.

Samfélagsverkefni heimastjórna: Auglýst var eftir hugmyndum að verkefnum til að nýta tveggja milljóna króna samfélagsstyrkinn í. Fjöl margar góðar hugmyndir bárust sem heimastjórn fór yfir á fundi sínum 9. apríl. Starfsmanni var falið að kostnaðarmeta þrjár hugmyndir; mini golfvöll, grillhús og golfæfingasvæði í Blánni. Byggt á því mati verður eitt þessara verkefna valið.

Snorrasjóður: Í byrjun ársins hlaut Hafrún Alexía Ægisdóttir hinn árlega 500.000 króna styrk sem veittur er úr Snorrasjóði, en hún stundar nám í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og óskum við henni innilega til hamingju.

Styrkvegasjóður: Í fyrra var úthlutun úr sjóðnum meðal annars nýtt í vegi í Hamarsdal. Hvorki er búið að úthluta í ár né taka ákvörðun um hvaða vegir verði lagaðir þetta árið. Búið er að kortleggja betur þá vegi í Múlaþingi sem nýta fjármagn frá styrkvegasjóði og unnið að forgangsroðun með það að markmiði að gera þá betri og sem flesta færa fleiri bílum en vel búnum jippum.

Takk fyrir okkur og gleðilega Hammondhátíð!

Heimastjórn Djúpavogs,
Ívar, Ingi og Oddný

LAUGARDAGUR Á HAMMOND - SNIGLABANDIÐ



„Það var ekkert kaos á Djúpavogi, bara allsherjar skemmtun“

Nafn hljómsveitar: Sniglabandið

Meðlimir sem væntanlegir eru á Hammondhátíð hljómsveitinni?

Þessir skipa Sniglabandið: Björgvin Ploder sem leikur á trumbur, Einar Rúnarsson sem leikur á Hammond-orgel, Friðbjófur Ísfeld Sigurðsson sem leikur á bassa, Pálmi Sigurhjartarson sem leikur á píanó, Skúli Gautason sem leikur á kassagítar og ásláttarhljóðfæri, Þorgils Björgvinsson sem leikur á rafgítar. Allir syngja þeir hástöfum, einkum Björgvin á bak við settið. Þessi liðsskipan var komin á 1992.

Hvað er að fréttu? Hvað hefur drifið á daga ykkar undanfarið?

Sniglabandið fagnaði 40 ára afmæli með stórtónleikum í Hörpu og víðar um land sem fengu afbragðsgóða dóma, m.a. skrifaði gagnrýnandinn Jónas Sen á Vísi: „...fljótlega gafst fólk upp á því að reyna að vera yfirvegað og öskraði af gleði. Hver einasti áheyrandi var ýmist í hláturkasti eða klappaði með.“ Hann gaf tónleikunum 4,5 stjörnur af 5 mögulegum.

Hafið þið komið á Djúpavog áður?

Sniglabandið lék í slökkvistöðinni á Djúpavogi 17. júní 1994, daginn sem haldið var upp á 50 ára afmæli lýðveldisins og stóra kaosið varð á Þingvöllum. Það var ekkert kaos á Djúpavogi, bara allsherjar skemmtun. Bandið hefur hinsvegar aldrei leikið á Hammond-hátíð, sem er kannski svolítið merkilegt í ljósi þess hve Hammondleikurinn setur mikinn svip á tónlist þess.

Hvað er eftirminnilegast eða skemmtilegast við staðinn að ykkar mati?

Djúpivogur er ákaflega hlýlegur bær og viðmót íbúanna sérlega þægilegt. Egginn í Gleðivík eru dásamlegt listaverk og setja mikinn svip á bæinn.

Hvað hefur Sniglabandið verið til lengi?

Sniglabandið var stofnað árið 1985 í tengslum við Sniglana, Bifhjólasamtök lýðveldisins, en öðlaðist smám saman eigið líf. Með mannbreytingum fyrstu árin færðist fókusinn frá bifhjólalífni að tónlistinni. Þó svo Sniglabandið sé enn í góðu sambandi við uppruna sinn hefur áherslan færst á lifandi tónlistarflutning og má minna á útvarpsþætti sem Sniglabandið var með í beinni útsendingu, lengst af á Rás 2, þar sem hlustendur hringdu inn og báðu um óskalög. Bandið hafði það fyrir reglu að verða jafnan við óskum hlustenda þó svo að stundum væri takmörkuð þekking á viðkomandi lagi. Utkoman varð oft á tíðum kostuleg, enda meginmarkmiðið að hafa gaman og skemmta hlustendum.

Hvaða plötur eða lög mælið með að hátíðargestir hlusti á til að undirbúa sig fyrir framkomu ykkar á Hammondhátíð?

Sniglabandið sendi nýlega frá sér endurútgáfu af hinu fornfræga þungarokkslagi *Gott*, sem kom fyrst út árið 1993, en nú í nýjum búningi og myndskreytt af listakonunni Sunnevu Guðrúnu Þórðardóttur. Á þessari upptöku heyja þeir mikið gítareinvígi Þorgils og Þráinn Árni úr Skálmöld. Afurðina má finna á Youtube með því að slá inn *Gott Sniglabandið*. Annað nýlegt lag er *Allir litir heimsins*.

Annars er ekki gott að segja hvað verður á dagskrá því á tónleikum Sniglabandsins er talsvert spjallað við áhorfendur og tónleikarnir taka oft óvænta stefnu.

Hverju mega gestir Hammondhátíðar 2026 eiga von á frá ykkur?

Gestir Hammondhátíðar mega eiga von á skýtnum sögum og allskyns vangaveltum í bland við tónlist af ólíku tagi. Sennilega verður þetta meira í ætt við kvöldvöku en tónleika.

Er Hammondorgelið í uppáhaldi?

Einar Rúnarsson er Hammondleikari af lífi og sál. Hann keypti sér Hammond B200 árið 1990 og lék á það óslitið til 2015, en þá fékk hann sér Hammond CV, 749 módel. Við þessi orgel notar hann ýmist ævafornt Elkatone Leslie eða nýtt Leslie 2101. Auk þess að vera í hópi bestu Hammond-leikara þjóðarinnar er Einar afbragðsgóður sögumaður og mun efalaust deila einhverjum sköndnum hugleiðingum með gestum Hammondhátíðar 2026.

Hvernig finnst ykkur best að semja ykkar tónlist? Semjiði saman sem hljómsveit eða er einhver meðlimur þar í aðalhlutverki?

Koma lögin fyrst og textar svo eða öfugt?

Pegar Sniglabandið var í beinni vikulega á Rás 2, hafði bandið þann sið að bjóða síðasta hlustandanum sem hringdi inn í hverjum þætti að koma með uppskrift að lagi, tónlistarstíl, um hvað textinn átti að vera og jafnvel upphafið á viðlaginu. Bandið samdi síðan lag og frumflutti í byrjun næsta þáttar viku síðar. Það var allur gangur á því hver samdi, stundum einn eða tveir saman. Mörg þessara laga urðu afar vinsæl og komu síðar út á plötum. Eitt þessara laga hét *Britney* og var vikum saman í efsta sæti vinsældalista. *Selfoss* er varð líka gríðarvinsælt en eitt þessara laga sem er í miklu uppáhaldi hjá hljómsveitinni er *Plógstúlkán*, sem er samin í tónlistarstefnu sem stundum er kölluð úlfaldapopp.

Hvað er framundan hjá ykkur?

Sniglabandið hyggur á sköpunar- og upptökubúðir norðan heiða. Bandið mun koma fram á tónlistarhátíðinni Eyrarrokk sem fram fer á Akureyri í október.

Hvað er skemmtilegast við að vera tónlistarmaður?

Það er fátt sem jafnast á við þá tilfinningu að spila í góðra vina hópi fyrir fullum sal af glöðu fólki. Við slíkar aðstæður og í góðu sándi hætta menn að vera einstaklingar en verða hluti af tónrænni heild, sem er deilt með fólkinu. Við höfum líka notið dæmalausrar gestrisni á öllum okkar ferðum um landið. Fyrir það erum við þakklátir.



FRÁ ÞORRABLÓTSNEFND

Þorrablót 2026 var haldið 7.febrúar síðastliðinn og var ákveðið að í ár væri haldin Þorramessa. Kirkjupemað var gegnumgangandi og nefndin klædd eins og prestar sem vakti mikla lukku og gleði. Borðin voru merkt eftir öllum kirkjum gamla Djúpvogshrepps og vantaði eina upp á og fékk því Álfakirkjan að fljóta með.

Uppselt var á blótið og seldist nánast upp á fyrri miðasöludegi. Búinn var til biðlisti eftir 150 selda miða og salnum síðan stillt upp daginn fyrir blót og séð að hægt væri að bæta við 13 miðum. Því fengu öll á biðlista miða sem er alltaf gott og gladdi nefndina okkar mikið.

Krónan spilaði stórt hlutverk á blótinu okkar og guli liturinn allsráðandi. Dagskráin var þétt og mörg atriði í bland við myndbönd dönsuðu meðfram annálnum og smáauglýsingum. Við fundum það strax í fjöldasöngnum í upphafi borðhaldsins hvað salurinn var góður og gestirnir í góðum gir. Það gerði okkur verkið enn auðveldara og skemmtilegra. Til viðbótar við hefðbundna þorramatinn bauð nefndin upp á brauðtertúr eins og gömlum kirkjum sæmir og var henni afar vel tekið. Þegar borðhaldi og sýningu var lokið tók hljómsveitin Næturvaktin við og spilaði fyrir dansi fram á nótt. Nefndin fullyrðir að sjaldan hafi dansgólfið verið eins vel sótt og var þétt á gólfinu allan tímann. Þorrablótsgestir voru til fyrirmyndar og eiga mikið hrós skilið fyrir góða hegðun og hjálpssemi í einu og öllu.

Í þorrablótnefndinni voru:

Óðinn, Greta, Lilja, Diddi, Kalli Jóns, Kristján, Íris, Alexandra, Júlía, Hera, Baldur, Dagur Hákon, Davíð Örn, Jónína Valtingojer, Gísli Valgeir og Magnús.

Takk fyrir samveruna og við erum strax farin að hlakka til blótsins '27.

Þorrablótnefndin



DJÚPAVOGSDEILDIN

2026

TAKIÐ DAGINN
FRÁ OG ÞÚSSÍÐ
SKÓNA

6. júní

SJÓMANNA-
DAGS HELGIN

**HRAÐMÓT
EINN DAGUR
SAMA SNILLDIN**




**4000KR. MIÐINN
INNIFALIÐ ÞÁTTTÖKUGJALD Í
MÓTINU OG LOKAHÓF!**

**SKRÁNINGARHLEKKUR VERÐUR
AUGLÝSTUR Á FB SÍÐU
DEILDARINNAR**

SUNNUDAGUR Á HAMMOND - JÓN JÓNSSON & FRIDRIK DÓR

„Alltaf verið miklir Hammondstrákar“

Nafn tónlistarmanns: Friðrik Dór

Meðlimir sem væntanlegir eru á Hammondhátíð með þér:
Jón Jónsson

Hvað er að fréttu? Hvað hefur drifið á daga þína undanfarið?

Allt í blóma hjá okkur bræðrum og okkar fólki. En lítið að fréttu svo sem. Þetta er bara sama gamla, mikið spilerí og svo reyna að skapa eitthvað nýtt þess á milli.

Hefur þú komið á Djúpavog áður?

Ég hef komið þangað já og átti frábæran dag með fjölskyldu minni. Jón hefur ekki komið en mikið á hann gott að eiga inni þá upplifun að koma á Djúpavog í fyrsta sinn.

Hvað er eftirminnilegast eða skemmtilegast við staðinn að þínu mati?

Steinasafnið var mjög eftirminnilegt. Stelpurnar mínar höfðu mjög gaman af heimsókninni þangað.

Hvaða plötur eða lög mælir þú með að hátíðargestir hlusti á til að undirbúa sig fyrir framkomu þína á Hammondhátíð?

Ég myndi halda að mest viðeigandi væri að hlusta á “Á sama tíma, á sama stað”, þjóðhátíðarlagið sem við bræður eigum saman.

Hverju mega gestir Hammondhátíðar 2026 eiga von á frá þér?

Mikilli gleði og mikilli þátttöku í að skapa enn meiri gleði.

Er hammondorgelið í uppáhaldi?

Alltaf verið miklir Hammondstrákar.

Hvernig finnst þér best að semja tónlist?

Mér finnst best að skapa tónlist í ró og næði og helst í félagsskap við aðra.

Koma lögin fyrst og textar svo eða öfugt?

Mjög misjafnt hjá okkur bræðrum. Líklega textinn fyrst hjá FD og lagið hjá JJ.

Hvað er framundan hjá þér?

Það er eitt og annað, Hittaramessa FD þann 16. júní nk, síðasta árið í Iceguys ævintýrinu verður tekið með trukki og fleira og fleira.

Hvað er skemmtilegast við að vera tónlistarmaður?

Það er einmitt þetta, að fá tækifæri til að upplifa nýja staði endalaust. Búnir að vinna við þetta í að verða 17 ár og ennþá að kynnast nýjum stöðum og fólki.



Hvað ætlar þú að gera um helgina?

UTANDAGSKRÁ HAMMONDHÁTÍÐAR
er á baksíðu blaðsins

HAMMONDHÁTÍÐ 2016-2019

Síðastliðin þrjú ár hefur Bóndavarðan birt samantekt frá Hammondhátíðum frá upphafi. Hammondhátíðar tölublað Bóndavörðunnar 2023 fór yfir árin 2006 – 2009, Hammondblað ársins 2024 tók saman hátíðirnar 2010 – 2012 og blað ársins 2025 tók saman hátíðir 2013 - 2015. Bóndavarðan heldur áfram þessari vegferð og verður nú farið yfir Hammondhátíðir 2016 - 2019 í máli og myndum. Ólafur Björnsson tók saman og hafi hann bestu þakkir fyrir.

Hammondhátíð 2016

Tónskóli Djúpavogs
Agent Fresco

MurMur
Valdimar

Stuðmenn

Sigríður Thorlacius
ásamt Guðmundi Óskari og Tómasi Jónssyni

Hammondhátíð númer 11 fór fram 21. - 24. apríl 2016. Áfram héldum við að bjóða uppá fjölbreytta dagskrá en líklega sáum við ekki fyrir þegar hátíðin var að komast á legg að hinir einu sönnu Stuðmenn myndu koma og spila fyrir gesti á Hótel Framtíð á Djúpavogi. Það varð þó raunin þetta árið. Þetta var síðasta árið sem Tónskóli Djúpavogs sendi hljómsveit á hátíðina, en hljómsveit frá skólanum hafði komið fram á hátíðinni frá 2013. Svavar okkar Pétur kom fram sem leynigestur með hljómsveitinni Valdimar. Agent Fresco eignaðist ca. 200 nýja aðdáendur fyrir lífstíð og austfirsku hljómsveitin MurMur, með Berfirðinginn Bergsvein Ás á trommunum, fór á kostum. Sigríður Thorlacius sá svo um að róa okkur niður með yndislegum tónum í Djúpavogskirkju á sunnudeginum.



Hammondhátíð 2017

Emmsjé Gauti
Íris Birgis og co.

Karl Orgeltrío
Dikta

Langi Seli og skuggarnir
Mugison

Föstudagslögin

Hammondhátíð 2017 fór fram 20. - 23. apríl. Í annað skiptið í sögu hátíðarinnar seldist upp áður en hátíðin hófst. Í fyrsta skipti var boðið upp á rappara á hátíðinni en Emmsjé Gauti átti hvert bein í gestum hátíðarinnar og tók ódauðlegt Hammondsóló í einu laga sinna. Heimamanneskjan Íris Birgis var að ljúka burtfararprófi úr FÍH og kom fram með hljómsveitinni Karl Orgeltrío sem einnig spilaði sitt eigið sett. Loksins fengum við Mugison eftir margra ára viðreynslu og til að toppa það kvöld varð draumur margra af eldri kynslóðinni að veruleika að sjá Langa Sela og Skugganna spila á Djúpavogi. Þessa helgi hélt Svavar Pétur Eysteinnsson uppá fertugsafmæli sitt með eftirminnilegri veislu á Karlsstöðum. Dikta var fyrir löngu orðin ein af vinsælustu hljómsveitum landsins og sýndi hvers vegna með frábærum tónleikum. Stebbi Jak og Andri Ívars lokuðu síðan dagskránni í Djúpavogskirkju með því sem líklega eru einir skemmtilegustu tónleikar sem haldnir hafa verið í kirkjunni.



Hammondhátíð 2018

**Guðmundur R.
Moses Hightower**

**Mammút
Úlfur Úlfur**

**Árstíðir
Sólstafr**

Salka Sól og hljómsveit

Hammondhátíð 2018, sem fór fram 19. - 22. apríl, innihélt líklega framsæknu dagskrá í sögu hátíðarinnar. Krakkarnir dásamlegu í Mammút ætluðu að leggja snemma af stað til Akureyrar daginn eftir tónleika, þar sem þau ætluðu að spila fyrir norðanfólk á laugardagskvöldinu, en þeim fannst svo gaman hjá okkur að það var komið langt fram yfir hádegi þegar þau loksins sættu sig við að þurfa að segja skilið við okkur. Eftirlæti allra tónleikahaldara, Moses Hightower setti hátíðina með stórkostlegum tónleikum á fimmtudeginum, sem norðfirðingurinn Guðmundur R. lokaði af sinni alkunnu snilld. Rappararnir í Úlfur Úlfur fóru létt með að brúka Hammondorgelið í lögum sínum og Salka Sól kom aftur heim og hélt ógleymanlega tónleika í Djúpavogskirkju á laugardegnum. Þungarokk var í boði í fyrsta sinn á þessum tónleikum þegar hin goðsagnakennda hljómsveit Sólstafr heiðraði okkur með nærveru sinni. Til að vega upp á móti þyngslum þeirra buðum við upp á hinar angurværu Árstíðir sama kvöld.



Hammondhátíð 2019

Dimma

Dúndurfréttir

Jónas Sig.
EnsímiLay Low
ásamt Tómasi Jónssyni

Hátíð númer 14, Hammondhátíð 2019, fór fram 25. - 28. apríl. Hér ákváðum við að einfalda dagskrána örlítið en árin áður höfðum við boðið upp á tvö atriði á hverju kvöldi. Það er hægara sagt en gert og því fannst okkur vera kominn tími til að róa okkur aðeins niður. Það kom þó ekki niður á hátíðinni því hvert rísanúmerið á fætur öðru sá til þess að búa til þetta og eftirminnilega dagskrá. Sumir höfðu komið áður til okkar, aðrir ekki. Dimmudrengir höfðu komið áður með Bubba Morthens en fengu nú sitt eigið kvöld og störtuðu hátíðinni með alvöru þungarokki. Dúndurfréttir komu aftur til okkar, betri en nokkru sinni áður og voru mjög nálægt því að rífa þakið af kofanum með fjölbreyttri yfirferð um roksöguna. Jónas Sig kom til okkar í þriðja sinn en nú með nýtt band og nýja plötu í farteskinu og sama kvöld kom Ensími fram í fyrsta sinn hjá okkur og minntu tónleikagesti á hversu sjúklega gott tónleikaband þeir eru. Berfirðingurinn Lovísa, Lay Low, kom svo fram á lokatónleikunum með Tómasi Jónssyni á Hammondorgel. Hún er engum lík og heillaði gesti uppúr skónum með framúrskarandi gítarleik og söng.

Í lok Hammondhátíðar 2019 fór strax af stað undirbúningur fyrir afmælishátíð 2020, þeirri fimmtánda í röðinni. Engan óraði fyrir því sem þá var framundan og lagði hátíðina í nokkurra ára dvala, en meira um það í næsta Hammondblaði Bóndavörðunnar.



Múlaþing

Bókavörður á Djúpavogi

Bókasafn Múlaþings óskar eftir að ráða bókavörð í um 60% framtíðarstarf á starfsstöð safnsins á Djúpavogi. Safnið er bæði almennings- og skólabókasafn. Samkomulag er um upphaf starfs.

- Helstu verkefni starfsmanns eru afgreiðsla, móttaka og frágangur safnkosts ásamt því að leiðbeina og veita safngestum aðstoð.
- Næsti yfirmaður er forstöðumaður Bókasafns Múlaþings.
- Möguleiki er á hlutastarfi við Djúpavogsskóla til að auka starfshlutfall.
- Nánari upplýsingar veitir Kolbrún Erla Pétursdóttir forstöðumaður Bókasafns Múlaþings í síma 470 0745 eða á netfangið kolbrun.erla.petursdottir@mulathing.is

Öllum umsóknum skal fylgja yfirlit yfir nám og fyrri störf ásamt kynningarbréfi.

Einungis er tekið við rafrænum umsóknum í gegnum ráðningavef sveitarfélagsins hjá Alfreð.

AÐ ALAST UPP Á DJÚPAVOGI

Djúpivogur er syðsta þéttbýlið í Norðausturkjördæmi. Á mínum uppvaxtarárum tilheyrði Djúpivogur Suður-Múlasýslu og var þorpið mjög einangrað landfræðilega. Næsta þorp sunnan við Djúpavog var Hornafjörður, en þangað var um 100 km aksturs yfir Lónsheiði að fara. Austan megin við Djúpavog er Breiðdalsvík en þangað eru um 60 km. Samgöngur til Reykjavíkur voru því mest sjóleiðis lengi vel, eða þar til reglubundið flug hófst til Hornafjarðar. Auk þess sem leiðin upp á Egilsstaði og norður á Akureyri var ekki upp á marga fiska lengi vel.

Þetta kom reyndar ekki að sök að okkur fannst við hafa það sem þurfti, enda höfðum við allt sem okkar kynslóð kallaði eftir, til að lifa fjölbreyttu og skemmtilegu lífi.

Út frá landfræðilegri legu er þorpið eiginlega þrískipt. Við tókum minna eftir því í dag, en áður, þar sem búið er að tengja það saman með vegum og stígum. Þegar maður lítur til baka má segja að ákveðin skipting hafi ríkt milli þessara svæða. Yst í þorpinu þar sem ég ólst upp snerist okkar daglega líf um fjörurnar, sjóinn og eyjarnar úti á landi eins og við kölluðum svæðið. Krakkar á miðsvæðinu voru meira á íþróttasvæðinu og spiluðu grimmt fótbolta á öllum blettum innan þeirra svæðis. Þeir sem bjuggu fyrir ofan Klif voru meira landbúnaðarlega sinnaðir og byggðu sína framfærslu mest á sauðfjárbúskap. Þessi skipting milli svæða þar sem klettur skildu byggðirnar að, leiddu til þess að samgangur var í algjöru lágmarki milli okkar barnanna. Sem dæmi þá hitti ég fyrst jafnaldra minn sem bjó fyrir ofan Klif, þegar við hófum skólagöngu í svokölluðum vorskóla.

Ég heyrði þá sögu eitt sinn að þessi skipting á atvinnugreinum milli svæða hafi á stundum orðið tilefni til orðaskipta milli manna, um þekkingu þeirra á atvinnugreinum. Sagan segir að eitt sinn hafi maður sem bjó fyrir innan Klif verið staddur niður á bryggju að fylgjast með löndun á fiski. Sjómaðurinn sem kom úr ysta hverfinu kallaði til hans og spurði hann hvað hann væri að gera hér á bryggjunni, maður sem þekkti ekki þorsk frá ýsu. Hinn svaraði honum um hæl að honum færist nú ekki að tala svona, maður sem þekkti ekki einu sinni hrút frá gimbur.



Hvert barn og ungmenni sem upplifað hefur að búa í heimi næst útlandinu, eyjunum, sandinum og Breiðavoginum er snortið ævilangt af slíkri fegurð og þeim tækifærum sem þar eru til að njóta lífsins. Ég man ekki eftir einum einasta degi á mínum uppvaxtarárum sem manni leiddist, það voru tækifæri til afþreyingar á öllum árstíma og nánast í hvað veðri sem var. Það var mikið farið út í eyjar yfir sumartímann. Mikilvægt var að vera fyrstur til að fara út á landið og kemma fjörurnar eftir gott austanveður. Þá mátti búast við að eitthvað nýtt hafi rekið á land sem nota mætti til ýmissa hluta. Á varptímanum var farið um eyjarnar þverar og endilangar. Eyjarnar út af Búlandsnesinu tilheyrðu kirkjunum á svæðinu. Þvottáreyjar tilheyrðu Djúpavogskirkju, Kiðhólmi Berufjarðarkirkju og Sandey Berunesskirkju. Kálkurinn var nýttur af ákveðnum aðilum á Djúpavogi, en ekki var hægt að komast þangað nema á bát. Það var regla að einn af okkur fylgdist með mannaferðum þegar farið var í ákveðnar eyjar. Þetta átti sérstaklega við þegar farið var út í Sandey. Við þekktum litinn á jeppanum á Berunesi og ef sást til hans koma var mikilvægt til að forðast vandræði að vera fljótur að láta sig hverfa. Hlaupa yfir í Úlfsey, vaða yfir Grunnasundið og eftir fjörunni fyrir neðan Grjóturðarvatnið og upp Bóndavörðulág, yfir Landahæðina og heim. Þessar ferðir tóku oft langan tíma, en þrátt fyrir það voru foreldrar okkar hinir rólegustu, enda vissu þau að við þekktum svæðið og vissum hvar hættur leyndust og hvað bar að varast. Við höfðum áttað okkur á því að ef við færum inn fyrir Kiðhólma og inn í Jakobsvog þá var bátur prestsins þar sem bar heitið Svarfdælingur. Hann notaði Svarfdæling til að fara út í Þvottáreyjar en þær heyrðu undir Djúpavogssókn. Það var ekki skynsamlegt að fara að degi til, en fara frekar um kvöldið en þá voru kjöraðstæður. Presturinn genginn til náða og foreldrar okkar ekki mikið á ferðinni á þessu svæði að minnsta kosti að kvöldi til. Þá var Svardælingi rennt úr legunni og út á Jakobsvoginn. Það var róið með landinu inn Hamarsfjörðinn. Þar var bæði fuglsegg og fisk að hafa, enda gleymdum við okkur oft við þessa iðju, langt fram yfir miðnætti. Á kvöldin skartaði Djúpivogur sínu fegursta, þókan á bak og burt í stað hennar komið algjört logn og heiðskirt. Síkar stundir gleymast seint.

Ólafur Áki Ragnarsson



Gleðilegt sumar!

Múlaþing óskar íbúum og gestum sveitarfélagsins
gleðilegs sumars!

Fylgist með opnunartímum og viðburðum í Múlaþingi
á mulathing.is

ERUM VIÐ NOKKUÐ AÐ GLEÝMA OKKUR?



Samráðshópur um Cittaslow og Íbúasamtök Djúpavogs og nærsveita buðu íbúum til samtals í Löngubúð 15. apríl síðastliðinn. Kveikjan af fundinum var tilfinning þessara tveggja hópa um skerta tengingu samfélagsins við ákvarðanir sveitarfélagsins, ekki síst með tilliti til Cittaslow stefnunnar og hugðarefna íbúa. Tilgangur hópanna með fundinum var að athuga hvort íbúar deildu þessum áhyggjum. Ef svo væri þyrfti að koma þeim áleiðis og taka saman niðurstöður til að hafa til hliðsjónar við frekari ákvarðanir.

Fundurinn var vel sóttur og skapaði bæði umræður og hugmyndir. Fundargestir voru hvattir til að skrifa umræðuefni og hugmyndir á miða sem síðan var safnað saman. Þar reyndist vera margt sem viðstaddir vildu ræða. Umræðuefni voru tekin fyrir eftir áherslu fundargesta. Efst á þeim lista var húsakapall sveitarfélagsins og fasteignir. Síðan komu málefni íþróttahúss og sundlaugar, skólamál og málefni og aðstaða eldri borgara á Djúpavogi.

Fjarri náðist að fara yfir öll þau málefni sem söfnuðust saman á fundinum. Einmitt það sýndi þörfina á að halda annan fund til að taka næstu skref. Niðurstaðan var að þörf er á enn frekara samtali við íbúa svo fólk fái svigrúm til að varpa fram hugmyndum, spurningum og vangaveltum í góðu tómi. Þannig þróist einhvers konar leiðarvísir eða sáttmáli íbúa sem ráðafólk þarf að hafa til hliðsjónar, þegar ákvarðanir eru teknar í gamla Djúpavogshreppi.

Hóparnir sem stóðu fyrir fundinum munu nú kappkosta að taka saman allar þær hugmyndir og málefni sem bárust og kortleggja frekar. Stefnt er að því að halda áfram með þau málefni á næsta fundi, **5. maí kl. 17 - 19 í Löngubúð!**

Samráðshópur um Cittaslow á Djúpavogi
Íbúasamtök Djúpavogs og nærsveita



FRÁ GÖMLU KIRKJUNNI

DAGSKRÁ
GÖMLU KIRKJUNNAR
Á HAMMONDHÁTÍÐ '26

FIMMTUDAGUR 23. APRÍL
15:00 - ANDLITSMÁLNING & BLÓÐRUDÝR
16:00 - SKRÚÐGANGA

FÖSTUDAGUR 24. APRÍL
GÍTAR-/BASSANÁMSKEIÐ MEÐ
ÞRÁNNI Í SKÁLMÖLD

LAUGARDAGUR 25. APRÍL
14:00 - 16:00 HÆGLÆTISMÁRKADUR
& HEITT Á KÖNNUNNI

Dó umsvif Hollvínasamtakanna hafa kannski ekki verið eins áberandi í bæjarlífinu það sem af er ári, miðað við um þetta leyti í fyrra, hefur engu að síður heilmargt átt sér stað.

Við hlutum 3ja milljóna króna styrk frá Húsafriðunarnefnd, 150 þúsund úr menningarsjóði Múlapingis til þess að standa straum af þeim kostnaði sem fellur til við vinnudaga og 800 þúsund frá Uppbyggingarsjóði Austurlands fyrir námskeiðaröð.

Við stefnum að því að klára að einangra gólfíð og setja ný gólfborð á næstu vikum. Í framhaldi af því getum við svo farið að panta borð og bekki sem styrkur fékkst til frá Brunabótasjóði Íslands í fyrra. Hvað námskeiðaröðina varðar erum við að taka þátt í að fá gítar-/bassanámskeið með Þránni í Skálmöld nú á Hammondhátíð. Þá er fyrirhugað fluguhnýtinganámskeið í byrjun sumars með Kristjáni Ævari nágranna okkar í Prestsbústaðnum og svo grjóthleðslunámskeið í haust með Kristínu Auði Keldal svo eitthvað sé nefnt. Við hvetjum ykkur öll til að fylgjast vel auglýsingum frá Gömlu kirkjunni, það er margt í pípunum - Vinnudagar, námskeið, viðburðir og samvera.

Aðalfundur Hollvínasamtakanna verður í lok maí, nánar auglýstur síðar.

UTANDAGSKRÁ HAMMONDHÁTÍÐAR

22.-26. apríl 2026

MIÐVIKUDAGUR

- 15:00 Vöflukaffi Tryggvabúð
 15:00 - 18:00 Bókasafnið opið
 17:00 Hammond Zumba í Íþróttamiðstöðinni
 20:30 - 00:00 Opið í Faktor. Pub-quiz byrjar kl. 21:00. Ari & Bjartur stýra fjörinu

FIMMTUDAGUR - sumardagurinn fyrsti

- 10:00 Hammondmót Skotfélags Djúpavogs á skotsvæði Djúpavogs við Hamarsssel
 11:00 - 13:00 Brennómót Djúpavogsdeildarinnar
 13:00 - 16:00 Vígsluopnun Notó í skúrnum hjá Hátúni
 14:00 - 16:00 Pop-up hjá Brauðdagar á Faktor
 15:00 Andlitsmálun & blöðrudýr í Gömlu kirkjunni
 16:00 Skrúðganga frá Gömlu kirkjunni
 15:00 - 19:00 Pílumót á Faktor á vegum meistaraflokks Neista, ef mót klárast ekki verður úrslitakeppni á föstudag kl. 15
 00:00 - 03:00 Faktor Brugghús opið

FÖSTUDAGUR

- 10:00 Hammondþrek í Íþróttahúsinu
 10:00 - 16:00 Langabúð opin. Réttur dagsins í hádeginu
 11:00 Gítarnámskeið í Gömlu kirkjunni. Þráinn Árni Baldvinsson gítarleikari í Skálmöld kennir á gítar & bassa
 12:30 - 15:00 Zion með kökubasar í Kjörbúðinni
 15:00 - 17:00 Golfklúbbur Djúpavogs selur happdrættismiða á Faktorum
 17:00 Hammond Zumba í Íþróttamiðstöðinni
 00:00 - 03:00 Faktor Brugghús opið

LAUGARDAGUR

- 10:00 Áheitaþanga 10. bekkjar yfir Öxi. Brottför kl. 10 frá brúnni við Melshorn
 11:00 - 13:00 Langabúð Bröns. Kaffihúsið opið til kl. 16.
 13:00 - 16:30 Teigarhorn - fjölskyldubíó í fjárhúsum. Popp & gos í boði. Börn í fylgd með fullorðnum
 14:00 - 16:00 Hæglætismarkaður í Gömlu kirkjunni. Heitt á könnunni
 14:00 - 19:00 Arfleifð & Cluetivity pop-up á Faktor
 16:00 Happdrætti Golfklúbbsins á Faktor
 00:00 - 03:00 Faktor Brugghús opið

ALLA HAMMOND HELGINA

Matarvagninn á Djúpavogi. Opið alla helgina: fimmtudag & sunnudag kl. 11-17, föstudag & laugardag kl. 11-01:00

Hafið bistro. Opið frá 09:00 - 21:00. Pizzu - & hamborgaratilboð

Faktor brugghús. Opið frá 14:00 - 20:30 og frá miðnætti til 03.00 fimmtudag, föstudag & laugardag. Pop-up plötubúð á sínum stað yfir daginn.

Hótel Framtíð. Hammond matseðill alla daga. Fögnum 30 ára afmæli pizzunnar á Hótel Framtíð með frábærum tilboðum á pizzum alla helgina.

Íþróttamiðstöð Djúpavogs. Opin fimmtudag 11:00-15:00
 Föstudag 7:00-20:15 / Laugardag 11:00-15:00 /
 Sunnudag lokað

Nánari upplýsingar á: www.hammondhatid.is

Utandagsskráin er birt með fyrirvara um breytingar. Uppfærðasta og nýjasta útgáfan verður alltaf aðgengileg á vefsíðu utandagskrár Hammondhátíðar sem finna má með því að nota QR kóðann hér til hliðar

